



HÉRAÐSDÓMUR  
REYKJAVÍKUR

D Ó M U R

26. júlí 2018

Mál nr. E-2922/2016:  
Stefnandi: Steinar Berg Ísleifsson  
(*Hróbjartur Jónatansson hrl.*)

Stefndu: Ásbjörn K Morthens  
(*Hjördís Halldórsdóttir hrl.*)  
Ríkisútvarpið ohf.  
(*Stefán A Svensson hrl.*)

Dómari: Ingiríður Lúðvíksdóttir héraðsdómari

# D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur, fimmtudaginn 26. júlí 2018, í máli nr. E-2922/2016:

**Steinar Berg Ísleifsson**

*(Hróbjartur Jónatansson hrl.)*

**gegn**

**Ásbirni K. Morthens**

*(Hjördís Halldórsdóttir hrl.)*

**Ríkisútvarpið ohf.**

*(Stefán A Svansson hrl.)*

Þetta mál, sem var endurflutt og tekið til dóms 19. júlí 2018, höfðaði Steinar Berg Ísleifsson, kt. 210752-2779, með stefnu birtri 23. september 2016 á hendur stefnda, Ásbirni K. Morthens, kt. 060656-2239, Meðalfellsvegi 17, Mosfellsbæ og birtri 13. september sama ár á hendur stefnda, Ríkisútvarpinu ohf., kt. 600307-0450, Efstaleiti 1, Reykjavík.

Stefnandi gerir eftirfarandi kröfur á hendur stefnda Ásbirni:

1. Að eftirfarandi ummæli sem stefndi Ásbjörn lét falla í 7. þætti þáttaraðarinnar Popp- og rokksaga Íslands sem var sýndur í sjónvarpi Ríkisútvarpsins 13. mars 2016 verði dæmd dauð og ómerk:
  - a) *Útgefandinn hann mokgræddi á okkur, það er bara þannig. Við höfðum ekki tókall upp úr þessu, skítapening.*
2. Að eftirfarandi ummæli sem stefndi Ásbjörn birti á samskiptamiðlinum Facebook 14. mars 2016 verði dæmd dauð og ómerk:
  - a) *prósentur voru svívirðilega láar [sic] fyrirtækið nýtti sér reynsluleysi mitt okkar og yfirburða stöðu sína þannig var það.*
  - b) *ég er einfaldlega að segja samningar voru afraslæmir [sic] og þú nýttir þér þekkingarleysi okkar.*
  - c) *nenni þessu ekki samningar voru ömurlegir þú varst í yfirburðastöðu og nýttir þér hana*
3. Að eftirfarandi ummæli sem stefndi Ásbjörn birti á samskiptamiðlinum Facebook 15. mars 2016 verði dæmd dauð og ómerk:
  - a) *Niðurstaðan er og verður sú að samningar þínir við Ego og Utangarðsmenn voru gerðir af fyrirtæki með yfirburðaþekkingu á öllum hlutum á meðan við vorum með því miður enga yfirsýn yfir neitt og algerlega blautir á bakvið eyrun. Þú nýttir þér það. Já, við skrifuðum undir.*

4. Að eftirfarandi ummæli sem voru höfð eftir stefnda Ásbirni á fréttasíðunni [www.mbl.is](http://www.mbl.is) 17. ágúst 2016 verði dæmd dauð og ómerk:
  - a) *Hann nýtti sér bággt ástand mitt. Ég var ekki betur á mig kominn á þessum árum en þetta. Ég var dópaður frá morgni til kvölds, meira eða minna.*
5. Að eftirfarandi ummæli sem voru höfð eftir stefnda Ásbirni á fréttasíðunni [www.visir.is](http://www.visir.is) 17. ágúst 2016 verði dæmd dauð og ómerk:
  - a) *Eitt er alveg á hreinu, Steinar Berg græddi á mér og græddi vel á mér. Í upphafi ferilsins var ég dópaður frá morgni til kvölds. Ég var aldrei með lögfræðinga mér við hlið. Hann nýtti sér bággt ástand mitt, hann var með lögfræðinga og fagfólk sín megin en ég var bara einn hinum megin við borðið og hann bara nýtti sér það. Ég er ekki að segja að hann sé vondur maður en hann nýtti sér þetta allt.*
6. Að stefndi Ásbjörn verði dæmdur til refsingar fyrir ummælin í 1., 2., 3., 4. og 5. tölulið kröfugerðar og opinberrar birtingar þeirra, samkvæmt 235 gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 236. gr. sömu laga.
7. Að stefndi Ásbjörn verði dæmdur til að greiða stefnanda 1.000.000 króna í miskabætur ásamt dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá þingfestingardegi til greiðsludags.

Stefnandi gerir eftirfarandi kröfur á hendur stefnda Ríkisútvarpinu ohf.:

8. Að viðurkennt verði að stefnda Ríkisútvarpinu ohf. sé óheimilt að sýna í sjónvarpi eða birta og dreifa opinberlega á annan hátt 7. þátt sjónvarpsþáttaraðarinnar Popp- og rokksaga Íslands með hinum ærumeiðandi ummælum stefnda Ásbjörns sem greinir í 1. tölulið a) í kröfugerð stefnanda.
9. Að stefnda verði gert, að viðlögðum dagsektum, að gera grein fyrir forsendum og dómsorði í máli þessu í dagskrá sinni þegar dómur fellur.
10. Að stefndi Ríkisútvarpið ohf. verði dæmdur til að greiða stefnanda 1.000.000 kr. í miskabætur ásamt dráttarvöxtum, skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá þingfestingardegi til greiðsludags.

Stefnandi gerir eftirfarandi kröfur á hendur báðum stefndu:

11. Að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda óskipt (in solidum) 500.000 kr. til að kosta birtingu dómsins, þ.e. forsendna og dómsorðs, í tveimur víðlesnum dagblöðum.
12. Að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda óskipt (in solidum) málskostnað að skaðlausu.

Stefndi, Ásbjörn, krefst aðallega sýknu af öllum dómkröfum stefnanda. Til vara krefst hann þess að dómkröfur stefnanda í 7. og 11. kröfulið verði lækkaðar stórlega. Í báðum tilvikum krefst stefndi, Ásbjörn, málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Stefndi, Ríkisútvarpið ohf., krefst sýknu af kröfum stefnanda svo og málskostnaðar úr hendi hans, að skaðlausu.

### **Málsatvik**

Stefnandi, Steinar Berg Ísleifsson, rak í tæp 20 ár, frá 1975-1993, hljómplötu-útgáfuna Steina hf. Hún gaf út hljómplötur með tónlist íslenskra tónlistarmanna en hafði fyrst og fremst tekjur af innflutningi erlendra hljómplatna. Þetta mál varðar ummæli sem stefndi Ásbjörn, betur þekktur sem Bubbi Morthens, lét falla árið 2016 um viðskipti sín við stefnanda 35 árum fyrr, einkum á árunum 1980-1982. Af þessum sökum hefst lýsing málavaxta á samskiptum þeirra á þeim árum.

### Útgáfa hljómplatna á árunum 1980 - 1984

#### *Samningur við Utangarðsmenn í júní 1980*

Um mitt ár 1980 kom stefndi, Ásbjörn, að máli við stefnanda og óskaði eftir því að hann gæfi út plötu með hljómsveitinni Utangarðsmönnum, sem stefndi var þá meðlimur í. Á þessum tíma hafði stefndi nýverið gefið út plötuna „Ísbjarnarblús“ á eigin vegum í samstarfi við Jóhann Pál Valdimarsson útgefanda hjá bókaútgáfunni Iðunni, sem sá um dreifingu plötunnar. Úr varð að Steinar hf. sem útgefandi og Utangarðsmenn sem flytjandi, gerðu samning 23. júní 1980, þar sem hljómsveitin skuldbatt sig til að gera þrjár smáskífur og þrjár breiðskífur. Í kjölfar þessa gaf Steinar hf. út breiðskífuna „Geislavirkir“ með Utangarðsmönnum árið 1980, sem seldist að sögn stefnanda í rúmlega 3.000 eintökum, og smáskífuna „Ha, ha, ha (Rækjureggæ)“ sama ár.

Stefnandi kvaðst ekki hafa notið lögfræðiaðstoðar við samningsgerðina. Hins vegar hefði Samband hljómplötuframleiðenda ráðið lögfræðing sem hefði gert grunn að samningsformi fyrir útgáfusamninga. Þýðingarmestu samningsatriðin hafi þó einungis verið tvö: hversu mikill kostnaður átti að fara í upptökur og hversu mikinn ágóðahlut flytjendur áttu að fá þegar seldur hefði verið sá fjöldi platna sem ráðgert var að greiddi upp upptökukostnaðinn. Þriðja atriðið var svonefnd dreifingarþrósentu. Sú fjárhæð skyldi mæta kostnaði útgefanda vegna hönnunar plötuumslags, gerðar auglýsinga, allrar markaðssetningar, dreifingar og sölu platna, kostnaði vegna þeirra platna

sem voru gefnar í auglýsingaskyni, rýrnun, o.fl. Sá kostnaður var dreginn frá heildsöluverði hvernar plötu áður en þóknun til flytjanda skyldi reiknuð.

Útgáfusamningurinn við Utangarðsmenn var svonefndur hagnaðarskiptasamningur. Gert var ráð fyrir að upptökukostnaður hefði verið greiddur þegar 2.500 skífur og snældur hefðu verið seldar. Við samningsgerðina var því miðað við að hagnaður yrði af eintökum sem seldust umfram þann fjölda og þá fyrst skyldi greiða flytjanda þóknun. Þessi eintakafjöldi gildi einnig um sölu tveggja-laga-platna.

Enn fremur var samið svo að flytjandi skyldi fá í sinn hlut, sem þóknun fyrir verk sín, 35% af nettó-heildsöluverði hvernar plötu. Það er heilsöluverð að frádregnum kostnaði af dreifingu, sem var í þessum samningi ákveðinn 10% af heildsöluverði hvernar seldrar plötu.

Ef til þess kæmi að plöturnar yrðu seldar í útlöndum átti flytjandi að fá helming af öllum ágóða sem sú útgáfa kynni að skapa útgefandanum. Samkvæmt samningnum bar útgefandanum jafnframt að reyna að koma hljómsveitinni á framfæri í útlöndum og stæði útgefandinn ekki við það gat hljómsveitin sagt samningnum upp.

Stefnandi bar að samningur Steina við Utangarðsmenn hefði verið óvenjulegur að því leyti að í útgáfusamningum hefði venjulega verið gert ráð fyrir því að selja þurfti 3.500-4.000 plötur til þess að ná að greiða upp útgáfukostnaðinn, en í samningnum við þá hafi verið gengið út frá 2.500 eintökum. Kostaður við útgáfu plötunnar Geislavirkir hafi reyndar verið svo hár að selja hefði þurft 4.000 eintök til þess að greiða hann upp áður en einhver hagnaður var til skiptanna en ekki hafi náðst að selja þann fjölda. Hann bar jafnframt að svonefnd dreifingarprósenta hefði að jafnaði verið 15% af heildarsöluverðmæti seldra eintaka en hún hafi einungis numið 10% í samningnum við Utangarðsmenn. Hann hafi viljað gera þessa ívilnunartilraun til þess að tónlistarmennirnir fengju eitthvað fé út úr þessu, sem hafi ekki orðið vegna þess að salan hafi verið svo dræm.

Þegar stefndi leitaði samstarfs við stefnanda árið 1980 var hann að sögn stefnanda afar frískur, íþróttamannslega vaxinn, kvikur, skarpur og skýr og æfði lyftingar og hnefaleika. Hann hafi jafnframt verið mjög metnaðarfullur og vitað hvað hann vildi. Stefnandi hafi kunnað að meta þá eiginleika hans og hafi viljað starfa með þannig manni. Stefnandi kvaðst hafa haft trú á samstarfi þeirra og því látið yfir sig ganga að tapa fé. Honum hafi fundist skemmtilegt að vinna með stefnda og þeir unnið náið saman.

Meðal gagna málsins eru ekki samtímagögn um það hvort stefndi Ásbjörn neytti á þessum tíma fíkniefna en hann fullyrta árið 2016, eins og síðar verður rakið, að hann hafi verið undir áhrifum þeirra (dópaður) frá morgni til kvölds. Um eigið ástand á þessum tíma, um mitt ár 1980, bar stefndi Ásbjörn fyrir dómi að hann hefði keypt fíkniefni fyrir nánast allt það fé sem hann fékk fyrir plötuna Ísbjarnarblús. Það

taki hins vegar tíma fyrir fíknisjúkdóminn að þróast. Stefndi kvaðst hafa verið mjög frískur þegar hann hitti stefnanda vorið 1980. Hann hafi verið að æfa íþróttir og verið í lyftingum þótt hann hefði neytt fíkniefna.

#### *Plötuútgáfa og hljótleikaferð árið 1981*

Stefnandi bar fyrir dómi að stefndi Ásbjörn hefði leitað til sín aftur árið 1981 og viljað gefa út aðra sólóplötu í framhaldi af Ísbjarnarblús sem kom út árið áður. Stefndi hafi einnig viljað að fyrirtæki stefnanda yfirtæki útgáfuréttinn á Ísbjarnarblús og gæfi út fleiri eintök af henni, því hún hefði komið út í tiltölulega litlu upplagi sem var þá uppselt. Úr hafi orðið að platan „Plágan“ hafi komið út þetta ár en hún ekki staðið undir kostnaði.

Á þessu ári, 1981, gáfu Steinar út smáskífuna „45 RPM“ með Utangarðsmönnum sem og safnplötuna „Í upphafi skyldi endinn skoða“. Steinar hf. lagði einnig út fyrir kostnaði við upptöku af tónlist Utangarðsmanna á ensku og gekkst í ábyrgð fyrir kostnaði vegna flutnings fólks og tækja vegna tónleikaferðar hljómsveitarinnar til Norðurlandanna. Eftir þá ferð hætti hljómsveitin störfum, sumarið 1981. Að sögn stefnanda sat hann þá uppi með kostnað sem var langt umfram samningsbundinn útgáfukostnað en fékk hann hvorki endurgreiddan frá stefnda Ásbirni né öðrum meðlimum hljómsveitarinnar.

#### *Samningur við Egó í febrúar 1982*

Að sögn stefnanda var af þessum sökum fjárhagslegt tap af útgáfunni í upphafi árs 1982 þegar stefndi, Ásbjörn, hafi á ný falast eftir samstarfi við útgáfufyrirtæki hans með nýrri hljómsveit. Stefnandi kvaðst hafa haft mikið álit á stefnda sem tónlistarmanni og samstarfið hafi, hvað sem öðru leið, verið skemmtilegt og því hafi hann slegið til enda hafi bæði hann og tónlistarmennirnir haft metnað til að halda áfram að semja og gefa út tónlist og höfða til breiðari hóps en Utangarðsmenn höfðu gert.

Steinar hf. sem útgefandi og Egó sem flytjandi gerðu útgáfusamning 15. febrúar 1981. Hann var eintakagreiðslusamningur og því frábrugðinn samningnum við Utangarðsmenn. Samkvæmt honum skyldi flytjandi gera þrjár breiðskífur með sem jöfnustu millibili á næstu þremur árum.

Reikna skyldi þóknun flytjanda þannig að hann fengi 20.000 krónur sem fyrirframgreiðslu inn á væntanlegan ágóðahlut af fyrstu skífunni. Helming þeirrar fjárhæðar skyldi greiða við undirritun samningsins og helming eigi síðar en 30 dögum eftir að upptökum fyrir fyrstu væntanlegu breiðskífuna lyki. Yrðu seld fleiri en 4.000 eintök Íslandi skyldi þóknun reiknast 8% af nettó-heildsöluverði eftir það. Samkvæmt samningnum skyldi útgefandinn bera allan kostnað við að koma tónlist Egó á framfæri erlendis en hefði hann af þeirri útgáfu hagnað átti hljómsveitin að fá 50% af honum.

Steinar hf. gaf út breiðskífurnar „Breyttir tímar“ með Egó árið 1982 og „Í mynd“ fyrir jólin sama ár. Þær seldust báðar í fleiri en 5.000 eintökum. Þriðja plata sveitarinnar „Egó“ kom út árið 1984 og seldist að sögn stefnanda í 1.500-1.700 eintökum en hljómsveitin hætti störfum fljótlega eftir að sú skífa kom út.

Stefnandi bar að stefndi hefði viljað tryggja að meðlimir hljómsveitarinnar fengju eitthvað greitt frá upphafi samstarfsins í stað þess að fyrst yrðu seldar plötur til að mæta upptökukostnaðinum og þá loks fengju þeir einhverja greiðslu. Hann hafi falið starfsmanni fyrirtækisins að leysa það mál með stefnda og hljómsveitinni. Niðurstaðan hafi verið að greiða þeim fyrirfram 8% af fyrstu 4.000 eintökunum án tillits til útgáfukostnaðar jafnvel þótt ekki væri tryggt að sá fjöldi seldist en þeir vonuðust til að selja 5.000 eintök, sem var talið hámarkssala. Ef fleiri en 5.000 plötur seldust fengu liðsmenn Egó lægra hlutfall af ágóðanum en þeir hefðu haft af hagnaðarskiptasamningi, 20-25% í stað 30%. Á móti hafi komið að útgefandinn bar alla fjárhagslegu áhættuna ef ekki næðist að selja upp í útgáfukostnaðinn. Að sögn stefnanda hafði ekki tíðkast hér á landi að greiða væntan ágóðahlut fyrirfram en fyrirframgreiðslan hafi verið óendurkræf, hvernig svo sem gengi að selja plöturnar.

Um þriðju plötuna „Egó“ bar stefnandi að á þeim tíma, vorið og sumarið 1983, hefði verið los í hljómsveitinni, menn að hætta og nýir að taka við. Á sama tíma hafi hann verið að flytja til útlanda til þess að fylgja þar eftir velgengni annarrar hljómsveitar. Á þessum tíma hafi stefndi einnig gert samning við annað útgáfufyrirtæki, Safarí, um að gefa út plötu með honum einum. Sú plata hafi því komið út á sama tíma og þriðja plata Egó. Auk þess hafi stefndi tekið lagið „Strákarnir á Borginni“, sem hafi átt að vera á Egó-plötunni, og sett það á sólóplötuna sem Safarí gaf út, því hann hafi talið það líklegt til vinsælda, eins og hann segi sjálfur í ævisögu sinni. Þriðja plata Egó hjá Steinum og sóló-plata stefnda Ásbjörns hjá Safarí með hinu vinsæla lagi hafi því verið í samkeppni þegar þær komu út. Stefnandi bar að tapið af þriðju plötu Egó hafi verið meira en hagnaðurinn sem fyrirtækið hafði haft af fyrstu tveimur plötunum. Fyrirtækið hafi því tapað á útgáfusamningnum sem það gerði við Egó.

Stefnandi bar að hann hefði áttað sig á, þegar hann var kominn til Englands 1983, að neysla stefnda væri orðin vandamál. Smám saman hafi samstarf fyrirtækisins og hljómsveitarinnar versnað og upp úr slitnað árið 1984 enda hafi neysla stefnda þá orðið enn alvarlegri.

Um eigið ástand á þessum tíma bar stefndi Ásbjörn að mikill munur hafi verið á honum árið 1980 og árið 1982. Á því ári hafi hann verið kominn í daglega neyslu frá morgni til kvölds. Í viðtali við Vikuna í september 1981 segist hann hafa gaman af grasi en vera harðlega á móti sterkum efnum. Í viðtali við Vísi í janúar 1982 samsinnti hann því að Utangarðsmenn hefðu verið undir áhrifum á tónleikum en hann hefði

verið mestmegnis „streit“ þegar hann tók upp Pláguna. Hann hefði hvílt sig á þessu og Egó færi undantekningarlaust „streit“ á svið. Í viðtali við Helgarpóstinn í nóvember 1982 kvaðst hann hafa reykt mikið kannabis um tíma en hefði dregið verulega úr því og reykti aðeins stöku sinnum. Hann hefði ánetjast nýju „dópi“, lyftingum.

### Kynni og samstarf stefnanda og stefnda Ásbjörns næstu þrjú áratugi

Eins og áður segir slitnaði upp úr samstarfi stefnanda og stefnda Ásbjörns árið 1984. Næstu sex árin var stefndi í samstarfi við þrjú önnur útgáfufyrirtæki, Gramm, Geisla og Safarí sem öll urðu gjaldþrota. Að sögn stefnanda leitaði stefndi aftur til hans árið 1990. Stefndi hafi þá viljað að stefnandi gæfi út plötur með honum og hafi jafnframt viljað framselja stefnanda útgáfurétt að öllum þeim plötum sem stefndi hafi gefið út með þeim fyrirtækjum sem áður eru nefnd. Þeir hafi þá unnið saman í nokkur ár. Síðan hafi aftur slitnað upp úr því.

Stefndi Ásbjörn var einnig í hljómsveitinni GCD. Hún gerði samning við Steina hf. í apríl 1991. Sá samningur er hagnaðarskiptasamningur eins og samningurinn við Utangarðsmenn. Í samningnum við GCD var gert ráð fyrir að selja þyrfti 3.500 plötur til þess að greiða upptökukostnað. Jafnframt var gert ráð fyrir að kostnaður við dreifingu væri 15% af heildarsöluverðmæti seldra eintaka. Samkvæmt þeim samningi fengu flytjendurnir 30% af meðalheildsöluverði hvers eintaks sem seldist umfram 3.500 eintök. Kæmi til þess að tónlist hljómsveitarinnar yrði gefin út erlendis skyldu flytjendur fá helming af ágóða útgefandans.

Meðal gagna málsins er einnig útgáfusamningur sem hæstaréttarlögmaður lagði drög að í febrúar 1994. Viðsemjandinn er Spor hf. sem stefnandi var þá í fyrirsvari fyrir. Stefndi og stefndi eru ekki á einu máli um það fyrir hvorn þeirra lögmaðurinn vann. Samningurinn varðar allar plötur sem stefndi hafði samið tónlist á og leikið, „allur katalógurinn“. Samkvæmt þeim samningi var kostnaður við dreifingu 15% af heildarsöluverðmæti allra seldra eintaka og ágóðahluti flytjanda 30% af meðalheildsöluverði hvers eintaks, nema af plötunni Von, en af henni var ágóðahlutur flytjanda 35%.

Stefndi kveðst hafa farið í áfengis- og vímuefnaferð hjá SÁÁ í fyrsta skipti í janúar 1985. Eftir endurtekna meðferð hafi honum loks tekist að hætta neyslu áfengis og vímuefna árið 1996. Þá hefði hann fyrst haft burði og getu til að kynna sér réttindi sín sem flytjanda tónlistar og þær viðskiptavenjur sem almennt séu viðurkenndar við gerð samninga um útgáfu tónlistar. Meðal annars hafi hann þá fyrst gert sér grein fyrir því hvaða verðmæti listamenn létu almennt af hendi með samningum við útgefendur og að eignaréttur væri látinn af hendi endanlega með því að framselja útgáfurétt að upptökum listflutnings. Það hafi ekki verið fyrir en þá sem hann hafi gert sér grein fyrir



Því að þau samningskjör sem hann og aðrir listamenn í Utangarðsmönnum og Egó hafi notið hjá Steinum hf. hafi verið óviðunandi miðað við það sem hann hafi talið sanngjarnt. Það hafi ekki síst átt við þann hluta er snéri að greiðslum til flytjenda. Þá bendir stefndi á að hvorki hann né aðrir í Utangarðsmönnum eða Egó hafi notið lögmannsaðstoðar við gerð fyrrnefndra samninga við Steina hf. og engar ábendingar fengið frá stefnanda eða öðrum starfsmönnum Steina hf. um að það kynni að vera æskilegt. Að mati stefnda hafi samningarnir aftur á móti verið samdir af kunnáttumanni í lögfræði.

Stefnandi bar að eftir að hann hefði sigrast á krabbameini hefði hann ákveðið að hægja aðeins á og hefði ráðið sig til fyrirtækisins Skífunnar. Stefndi hafi á þeim tíma gert útgáfusamning við það fyrirtæki og hafi stefnandi verið útgáfustjóri hans þar. Þá hafi samstarf þeirra verið gott.

Stefnandi söðlaði um í byrjun árs 2002 og hóf rekstur gististaðar í sveit. Hann bar að eftir það hafi stefndi einnig sýnt sér vinarbragð á ýmsan hátt og hafi leiðir þeirra margoft legið saman. Stefndi hafi þó aldrei nefnt að hann væri óánægður með samninga sem voru gerðir í upphafi samstarfs þeirra. Ummælin í sjónvarpsþættinum hafi því komið stefnanda mjög á óvart.

#### Sjónvarpsþáttur og samskipti á vefmiðlum vorið og sumarið 2016

Ríkissjónvarpið sýndi, 13. mars 2016, 7. þátt af tíu úr þáttaröðinni Popp- og rokksaga Íslands. Í þáttaröðinni er farið yfir sögu og þróun popp- og rokktónlistar á Íslandi frá sjötta áratug síðustu aldar og fram yfir aldamót. Sami þáttur var endursýndur 24. ágúst sama ár. Framleiðslufyrirtækið Markell ehf. framleiddi þættina í samstarfi við stefnda, Ríkisútvarpið ohf. Þessir samstarfsaðilar undirrituðu samning um gerð þáttaraðar í sex hlutum um framangreint efni 21. ágúst 2013. Með viðaukasamningum 27. mars og 28. nóvember 2015 sömdu þeir um gerð sex þátta til viðbótar. Stefndi, Ríkisútvarpið ohf., var titlaður meðframleiðandi þáttanna í öllum samningunum. Hann mun nú hafa keypt einkasýningarrétt að þeim.

Á u.þ.b. 51 mínútu í 7. þættinum hefst umfjöllun um hljómsveitina Egó og segir stefndi, Ásbjörn, þar frá stofnun hennar og ferli. Á u.þ.b. 55 mínútu er viðtalsbútur við stefnanda sem tjáir sig þar um að hvaða leyti tónlist Egó var ólík tónlist Utangarðsmanna og hvernig tónlist fyrrnefndu hljómsveitarinnar hefði verið poppaðri en hinnar síðarnefndu. Í beinu framhaldi af því er klippt yfir á viðtalsbút við stefnda, Ásbjörn, þar sem hann lét ummælin í kröfulið 1.a falla:

*Útgefandinn hann mokgræddi á okkur, það er bara þannig. Við höfðum ekki tókall upp úr þessu, skítapening.*

Næstu daga eftir að þátturinn var sýndur áttu stefnandi og stefndi í orðaskiptum á samskiptamiðlinum Facebook þar sem hinn síðarnefndi lét meðal annars

falla ummæli í kröfuliðum 2.a-c og 3.a. Samskiptin hófust með því að stefnandi ritaði á Facebook, 14. mars 2016, daginn eftir að fyrrnefndur þáttur var sýndur:

Var að sjá hinn ágæta þátt Popp og Rokksaga Íslands í sarpinum. Þar fullyrðir Bubbi Morthens að útgefandinn þ.e. ég eða við í fyrirtækinu Steinar hf. höfum grætt óeðilega mikið á útgáfum Egó platnanna. Í merkinguni fórum illa með bandið. Þetta er einfaldlega röng fullyrðing. Fyrstu tvær Egóplöturnar gengu vel og seldust í rúmlega og tæplega 5000 eintökum þegar þær komu út. Breakeven þ.e.a.s. til að ná útlögðum kostnaði var á milli á milli 3000 og 4000 eintök þannig að ekkert rými var fyrir óeðlilegan hagnað. Gert var upp við Egó skv. samningi og að sjálfsgöðu staðið við að þeir fengju sinn ágóðahlut. Það er því líka lygi að þeir hafi ekki fengið neitt. Bæði ég og mínir samstarfsmenn stóðum vel við bakið á Bubba og Egó á þessum tíma og eigum okkar þátt í því sem útgefendur að vel gekk. Klúðrið var svo innvortis rugl bandsins sem Bubbi átti mestan þátt í og eyðilagði þriðju plötuna. Hún var gefin út með tapi þannig að það litla sem Steinum hf. áskotnaðist við hinar tvær fyrr fór fyrir bí. Bubbi ætti að geta glaðst yfir því.

Stefndi, Ásbjörn, svarar stefnanda þá:

Þú veist betur um þá samninga sem voru gerði á sínum tíma við mig og hljóm-sveitir framan af á ferlinum við höfðum ekki þekkingu getu hvað þá lögfræðiaðstoð til að gera samninga við skrifuðum undir vegna þess okkur langaði gera plötur *prósentur voru svívirðilega láar fyrirtækið nýtti sér reynsluleysi mitt okkar og yfirburða stöðu sína þannig var það svo má auðviðta sega að við bártum ábyrgð á því sem við gerðum. PS ósætti okkar Egó manna kom ekki málinu við hvernig samningar voru gerðir og já 3 platan seldist illa og allt það og var ekki sérlega góð ég galaddist ekkert yfir því:-)*

Þá svarar stefnandi:

Nei Bubbi. Þú kemst ekki upp með að fullyrða að svona. Fyrirtæki mitt skilaði aldrei hagnaði af nýjum íslenskum útgáfum, ekki eitt einasta rekstrarár heldur hélt sér á floti með innflutningi platna. Þú ert einfaldlega að reyna að svarta mig og mitt mannorð með órökstuddum dylgjum.

Þessu svarar stefndi, Ásbjörn, þannig:

nei steinar berg þú veist betur samningarnir voru slæmir og prósentur voru djók þær voru svo láar ef þú átt þessa samninga þá máttu þú mín vegna opinbera þá ég er ekki að svarta þig *ég er einfaldlega að segja samningar voru afraslæmir og þú nýtir þér þekkingarleysi okkar* og við skrifuðum undir utangarðsmenn og Ego mjög vonda samninga.

Þá svarar stefnandi:

Þú heldur áfram með rakalausar fullyrðinga, Bubbi og heldur því fram að ég viti betur, segi ekki sannleikann. Endilega láttu ransaka þetta. Heldurðu að prósentur segi alla söguna? Mundu að þær reiknast af einhverju. Þú hefur enga

yfirsýn yfir heildarmynd þessara útgáfna, hvernig þær komu út né hverju þær skiluðu þannig að þú skalt ekki bríglsa mér um óheiðarleik í samskiptum. Slíkt hef ég aldrei stundað og það veist þú vel, þó þú kjósir nú einhvern fórnarlamb-leik á minn kostnað. Það er óheiðarlegt.

Þessu svarar stefndi, Ásbjörn, á eftirfarandi hátt:

*nenni þessu ekki samningar voru ömurlegir þú varst í yfirburðastöðu og nýttir þér hana nei fórnarlamb nei en rétt er rétt prósentur sega helling nei listamaðurinn hafði enga yfirsýn yfir neitt þú hafðir það það er rétt og gerðir stöðu þín enþá sterkari fyrir vikið*

óheiðarleiki er ekki að segja þú hafir verið það en þú hafið þá stöðu að vita það við vissum ekki neitt og klárlega nýtist þér.PS.. og halda því fram að engin hagnaður hafi verið af plötum okkar er í besta falli snúningur við höfum enga endurskoðendur enga lögfræðinga vissum ekki neitt heldur tókum því sem sagt var einfaldlega hefði átt að sjá til þess að það væri lögfræðingur okkar megin þegar samningar voru gerðir. ég kom til þín seinna meir og í krafti þess hvað ég seldi mikið af plötum gerðum við samning sem var ásættanlegur fyrir mig það er rétt en það var seinna ég er að tala um samninga sem voru gerðir í byrjun og fer ekki af því þeir voru ömurlegir.

Stefnandi svarar þá:

Jæja, og svo komstu aftur nokkrum árum síðar og baðst mig um að gera samning við þig. Þú ert greinilega alveg búinn að afbaka það sem raunverulega átti sér stað í fórnarlambspránni sem heltekur þig.

Þessu svarar stefndi, Ásbjörn, með svokölluðu broskallstákni en segir svo jafnframt:

læt hér lokið þessu sprikli en þú mátt opinbera samninga þína við utangarðs menn og Ego okkur öllum til gleði og kátinu samningar sem við gerðum í kringum sögur af landi voru ásættanlegir en mér sínist af viðbrögðum þínum að þú sért orðin fórnarlamb góðar stundir og annað ber engan kala til þín

Stefnandi svarar:

Bubbi, þetta væl þitt er bara kjaftæði. Annars er ég bara góður. Hef ekki gert neitt á nokkurs hlut í dag. Ég fyrirgef þér þetta ábyrgðarlausa tal, veit að þú ert hvatvís og er þakklátur fyrir það góða sem við gerðum saman.

Stefndi, Ásbjörn svarar þá:

þú mátt auðvita taka þetta sem þig lystir en samningar voru ömurlegir og það er staðreynd sem engin hleypur frá þetta er ekki hvatvísi að sega samningar voru ömurlegir. Já við gerðum líka fína hluti saman mikið rétt.

Stefnandi svarar að lokum:

Staðreynd er ekki huglægt mat eða fullyrðing út í loftið.

Þrátt fyrir að báðir lýsi því yfir í þessum skrifum á Facebook að samstarfið hafi verið gott og þeir eigi góðs að minnast tók þó hvorugur upp símann og hringdi í hinn til þess að draga þessar samræður af vefnum og finna flöt á sáttum. Þess í stað hentu fréttamiðlar samskiptin á lofti og birtu um þau greinar.

Sama dag og stefnandi og stefndi ræddu þannig saman á Facebook, 14. mars 2016, birtist grein á vefmiðlinum dv.is undir yfirskriftinni „Bubbi og Steinar Berg í hár saman: Sakar Bubba um að reyna sverta mannorð sitt.“ Þar kom fram að stefnandi, sem væri fyrrverandi útgefandi stefnda, Ásbjörns, og hljómsveitarinnar Egó, sakaði hinn fyrrnefnda um að gera tilraun til að sverta mannorð sitt. Einnig var greint frá því að harðar ásakanir hefðu gengið á milli þeirra þá um daginn og framangreind samskipti rakin í stuttu máli. Þá birtist frétt á vefmiðlinum pressan.is sama dag undir fyrirsögninni: „Bubbi og Steinar Berg í harðri deilu: „Þú ert einfaldlega að reyna að sverta mig og mitt mannorð með órökstuddum dylgjum.““ Í þeirri grein var rakið að harðar ásakanir gengju á milli stefnda, Ásbjörns, og fyrrverandi útgefanda hans, Steinars Berg, í kjölfar sýningar þáttarins Popp- og rokksaga Íslands í sjónvarpinu. Stefnandi sakaði stefnda, Ásbjörn, um að reyna að sverta mannorð sitt en í þættinum hefði hann sagt að útgáfufyrirtækið Steinar hf. hefði grætt óeðlilega mikið á sínum tíma á plötum hljómsveitarinnar Egó, sem stefndi hefði stofnað snemma á níunda áratugnum, og aðrir hljómsveitarmeðlimir borið lítið úr býtum. Jafnframt voru áðurgreind samskipti aðila rakin í grófum dráttum.

Daginn eftir, 15. mars 2016, birtist frétt á vefmiðlinum Pressan.is undir fyrirsögninni „Deilur Steinars Berg og Bubba halda áfram: Heilaskemmdur af dópneyslu og minnið gloppótt.“ Þar kom fram að daginn áður hefði verið greint frá því að deilur væru risnar milli stefnanda og stefnda, Ásbjörns, vegna ummæla hans í þættinum Popp- og rokksaga Íslands, sem hefði verið á dagskrá sjónvarpsins undanfarin sunnudagskvöld. Þar hefði Ásbjörn sagt að hann og meðlimir í hljómsveitum hans hefðu borið skarðan hlut frá borði í útgáfusamningum snemma á [níunda] áratugnum. Þeir hefðu verið ungir og reynslulausir. Þessu hefði stefnandi andmælt kröftuglega og sagt að lítill hagnaður hefði verið af plötunum og tap á þeirri þriðju. Þá hefði hann einnig sagt að stefndi, Ásbjörn, hefði átt mesta sök á því að hljómsveitin Egó hefði lagt upp laupana sem og að síðasta plata hljómsveitarinnar hefði skilað tapi. Stefnandi hefði skrifaði þetta á Facebook-síðu sína og þar hefði Ásbjörn ítrekað í ummælakerfi hans, að það sem hann hefði sagt í sjónvarpsþættinum, þ.e. að útgáfusamningarnir hefðu verið ömurlegir og stefnandi hefði verið í yfirburðarstöðu gagnvart honum sem hann hefði nýtt. Því næst var vikið að færslum aðila á Facebook sem birtust 15. mars 2016 og þær raktar orðrétt. Færsla stefnanda hljóðaði svo:

Árið er 1982. Fyrsta plata Bubba [...] Ísbjarnarblús hafði komið út nokkru áður og vakið mikla athygli en ekki selst vel. Hann bað mig um að taka yfir útgáfu-

réttinn og endurútgefa. Plágan hafði komið út árið áður, selst illa og skilað verulegu tapi. Bubbi er vikulegur gestur hjá Steinum hf. í Fosshálsinum, mætir í leigubíl eftir að hafa fengið vilyrði um að fá pening. Hann heimsækir mig líka heim sömu erinda eða biðja um aðra greiða. Fær gítarinn minn lánaðann og skilar honum svo brotnum (liggur enn óbættur hjá garði). Útgáfa íslenskra platna er áhættusöm það vitum við báðir. Til að koma plötu út þarf 5-7 milljónir á núvirði og til að ná þeim kostnaði tilbaka þarf að selja 3000-4000 plötur og kassetur. Í viðræðum vegna útgáfu Egó kemur upp sú hugmynd að bandið fái borgaða lága en stighækkandi prósentu frá fyrsta eintaki. Allir aðrir samningar gerðu ráð fyrir að listamaður fengi ekkert borgað fyrir en eftir að útgáfukostnaður næðist. Algengast var að hann næðist ekki. Að greiða ágóðahlut frá fyrsta eintaki þýddi aukna áhættu fyrir mig sem útgefanda og smá tekjuöryggi fyrir Egó. Um þetta var samið. Breyttir tímar seldist í rúmum 5000 eintökum en Í mynd rúmum 4000. Útgáfukostnaður náðist en enginn varð ríkur. Ári síðar kom svo þriðja og síðasta plata Egó út og þar með fór hagnaðurinn.

Árið er 1983. Ég er farinn til Englands með Mezzoforte. Bubbi er í ójafnvægi og lendir í deilum við samstarfsmenn sína heima, sitt band og mitt fyrirtæki. Upp úr slitnar og hann fer í rússferð til Ameríku. Ég kem heim 1986 og skömmu síðar mætir Bubbi. Hann hafði reynt nokkra útgefendur, Safari, Grammið og Geisla. Allir fóru á hausinn. Hann biður mig um að gefa sig út. Sögur af landi lítur dagsins ljós.

Árið er 2016. Bubbi Morthens heldur því fram að ég hafi neytt aflsmunar árið 1982 og neytt sig í skítadíl sem ekki skilaði honum og bandinu neinu en gerði mig ríkan. Hann notar orð eins og staðreynd og sannleikur ítrekað í málflutningi sínum. Þetta er eins og hann kýs að túlka gamlan raunveruleika. Það hentar honum núna. Hefur samt lýst því yfir að hann sé heilaskemmdur af dópneyslu og minnið gloppótt. Hann hefur aldrei hikað við að fara á eftir fólki til að upphelja sjálfan sig og kann ekki að biðjast afsökunar nema í hálfkæringi.

Stefndi, Ásbjörn, svaraði færslu stefnanda þannig:

Hvernig nennir þu þessu steinar berg þú getur sagt það sem þer hentar en það breytir því ekki samningar voru ömurlegir fyrir hljómsveitir og þu er komin úti eithvað sem sæmir þer ekki staðreindin er þu gerðir ekki góða samninga við okkur og eg bíst við að það pirri þig þessi furðulega upptalning þín breytir öngu um það og kemur ekki þessi máli við sem er samningar við utangarðsmenn og ego samningar voru ekki góðir þú getur vitnað í hitt og þetta í tveggja mann tal kallað mig það sem þú vilt en niður staðn er þú græddir miljónir á að hafa mig og salan þín á katloganum til jóns ólfassonar segir nú alt um það hvessu verðmætur eg var þer *niðurstaðan er og verður samningar þínir við ego og utangarðsmenn voru gerðir af fyrirtæki með yfirburðar þekkingu á öllum hlutum meðan við vorum með því miður enga yfir sýn a neinu og og algerlega blautir á bakvið eyrun þú nýttir þer það ja við skrifuðum undir hvað ég gerði eða hversu laskaður ég var sem virkur fíkill og þurftir pening á að halda og bað um fyrir-*

framgreiðslu breytir ekki þessari staðreynd ég bíst við þú hefðir ekki áhuga á að vitnað væri um ýmsa hluti í lífi þínu á þessum tíma sem koma þessu máli engan vegin við , samskipti okkur á öðrum veffangi koma ekki þessu máli við sem er enn og aftur ekki góðir samningar. Ísbjarnblús seldi vel og ég fékk helling pening fyrir hana.og allar þessar plötur sem þú hefur tjáð þig um er enn að seljast og hafa gert í gegnum árin.

Í kjölfar færslna stefnanda og stefnda, Ásbjörns, á Facebook dagana 14. og 15. mars 2016 og raktar hafa verið, leitaði stefnandi til lögmans. Hann sendi stefnda, Ríkisútvarpinu ohf., kröfubréf 16. júlí 2016. Þar var þess meðal annars krafist að framangreind ummæli í kröfuflið 1.a yrðu klippt út úr 7. þætti af Popp- og rokksögu Íslands. Jafnframt var farið fram á að ummælin kæmu ekki frekar fyrir í sýningum þáttanna hvort sem það væri í endursýningu á Ríkisútvarpinu, í sarpinum, DVD-útgáfu eða á annan hátt, auk þess sem krafist var miskabóta og lögmanskostnaðar.

Stefndi, Ríkisútvarpið, svaraði stefnanda með svohljóðandi bréfi 26. júlí 2016:

Ríkisútvarpið ohf. hafnar málatilbúnaði umbj. þíns í heild sinni, þ.m.t. kröfum og röksemdum sem fram koma í erindi þínu. Rétt er og að tiltaka að hvorki hefur komið til tals að selja þáttinn á DVD-diskum né gera hann aðgengilegan almenningi á netinu.

Stefnandi sendi fjölmiðlum yfirlýsingu 17. ágúst 2016 þess efnis að hann hygðist höfða mál gegn stefndu, Ásbirni og Ríkisútvarpinu ohf., vegna þeirra ummæla sem féllu í sjónvarpsþættinum. Fréttir um málið voru birtar í helstu vefmiðlum landsins, meðal annars á hringbraut.is, visir.is, og mbl.is. Í frétt á visir.is sama dag sem bar fyrirsögnina „Bubbi svarar Steinari fullum hálsi: Þetta eru hans ær og kýr“ kom fram að stefnandi hefði tekið saman upplýsingar og gögn tengd málinu og birt þau á heimasíðunni „sannleikurmalsins.com“. Þá var stefndi, Ásbjörn, inntur eftir viðbrögðum sínum við tilkynningu stefnanda um málshöfðun. Hann sagði stefnanda hafa staðið í málaferlum við ýmsa aðila undanfarin ár og þetta væru „hans ær og kýr“. Þá kvaðst stefndi, Ásbjörn, standa við ummælin og sagði jafnframt að í upphafi ferils síns hefði stefnandi nýtt sér það að hann væri ekki hæfur til að skilja eða gera samninga. Það hafi ekki verið fyrr en mörgum árum seinna sem stefndi, Ásbjörn, hefði gert samninga sem voru þannig að báðir aðilar fengju eitthvað fyrir sinn snúð. Þá kvaðst hann ekki hafa skoðað fyrrnefnda heimasíðu og bætti að lokum við þeim ummælum sem krafist er ómerkingar á í kröfuflið 5.a:

*Eitt er alveg á hreinu, Steinar Berg græddi á mér og græddi vel á mér. Í upphafi ferilsins var ég dópaður frá morgni til kvölds. Ég var aldrei með lögfræðingna mér við hlið. Hann nýtti sér bágð ástand mitt, hann var með lögfræðingna og fagfólk sín megin en ég var bara einn hinum megin við borðið og hann bara*

*nýtti sér það. Ég er ekki að segja að hann sé vondur maður en hann nýtti sér þetta allt.*

Sambærileg frétt birtist á vefmiðlinum mbl.is sama dag, 17. ágúst 2016, undir yfirskriftinni „Vill engan skítablett á ferlinum“ Þar kom fram að stefnandi væri stoltur af framlagi sínu til íslenskrar tónlistarsögu og vildi ekki hafa skítablett á ferlinum sem einhver annar hefði klínt á hann. Í fréttinni var stefndi, Ásbjörn, jafnframt inntur eftir viðbrögðum sínum við tilkynningu stefnanda um málshöfðun. Þar kvað hann þetta ekki koma sér óvart en stefnandi hafi verið í málaferlum „á fullu“ undanfarin ár og þetta virtist vera honum hugleikið. Þá kvaðst hann ekki ætla að draga ummæli sín til baka á nokkurn hátt. Stefnandi hefði „haft fint upp úr því að gefa út mig eða Egóíð“, eins og hann kemst að orði, og þeir hafi lítinn sem engan pening fengið frá honum. Þá hefði stefnandi haft lögfræðinga sér við hlið í öllum samningum sem hann hefði gert við þá en þeir ekki og stefndi sjálfur aldrei. Fyrir utan það hefði hann ekki verið fær eða dómbær til að skrifa undir neitt á þessum árum „þannig séð“. Þá bætti hann við að endingu þeim ummælum sem krafist er ómerkingar á í kröfulið 4.a:

*Hann nýtti sér bággt ástand mitt. Ég var ekki betur á mig kominn á þessum árum en þetta. Ég var dópaður frá morgni til kvölds, meira eða minna.*

Eftir að ofangreind ummæli féllu í vefmiðlum 17. ágúst 2016 höfðaði stefnandi málið, eins og fyrr greinir, og þingfesti það 29. september 2016.

Ríkisútvarpið endursýndi 7. þátt þáttaraðarinnar Popp- og rokksaga Íslands 24. ágúst 2016 með þeim ummælum sem stefnandi krefst ómerkingar á í fyrsta kröfulið.

### **Málsástæður og lagarök stefnanda fyrir kröfum á hendur stefnda, Ásbirni**

Stefnandi byggir á því að ummæli stefnda, Ásbjörns, bæði í 7. þætti Popp- og rokksögu Íslands, svo og þau sem hann lét í kjölfarið falla á Facebook og á fréttaveitum netmiðla um stefnanda, séu ósönn og feli í sér ólögmeta og refsiverða aðdróttun í skilningi 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Stefnandi byggir jafnframt á því að ummælin hafi verið látin falla gegn betri vitund stefnda í skilningi 236. gr. sömu laga og því alvarlegri fyrir vikið. Stefnandi hafi því orðið að þola af hendi stefnda, Ásbjörns, ólögmeta meingerð gegn persónu sinni og æru og hann eigi rétt til miskabóta samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993, sbr. 13. gr. laga nr. 37/1999. Af þessum sökum beri einnig að dæma tilgreind ummæli ómerk, sbr. 241. gr. almennra hegningarlaga og refsa stefnda Ásbirni fyrir þau, sbr. 235. gr. og 236. gr. sömu laga.

Í ummælum stefnda, Ásbjörns, í sjónvarpsþættinum og ummælum hans til áréttingar þeim á Facebook og fréttavefjum hafi hann brigslað stefnanda að ófyrirsynju um siðferðislega vansæmandi og jafnvel refsiverða háttsemi. Í þessum

ummælum hafi falist aðdróttanir um að stefnandi hefði ekki einungis hagnýtt sér meinta fákunnáttu eða reynsluleysi stefnda, Ásbjörns, og meinta yfirburðastöðu sína sér til ávinnings, heldur og ætlað bággt andlegt ástand hans vegna fíkniefnaneyslu í því skyni að hlunnfara hann í viðskiptum í ágóðaskyni fyrir sjálfan sig. Slík ummæli, sem séu algerlega ósönn, séu fallin til þess að valda stefnanda álitshnekki og skaða orðspor hans sem persónu og sem athafnamanns. Stefnandi reki tónlistartengda ferðaþjónustu að Fossatúni í Borgarfirði þar sem útgáfuferill hans sé eitt helsta aðdráttaraflíð. Aðdróttanir af þessu tagi séu fallnar til þess að skaða viðskiptavild hans og orðspor.

Í framangreindum sjónvarpsþætti hafi stefndi látið falla orð meðal annars um viðskipti sín við stefnanda sem útgefanda hljómsveitanna Utangarðsmanna og Egó sem tilgreind séu í lið 1.a í dómkröfum. Stefnandi haldi því fram, eins og greini í lýsingu atvika, að þessi staðhæfing stefnda í þættinum sé alröng. Hið rétta sé að útgáfufélag stefnanda hafi tapað verulega á viðskiptum sínum við stefnda við þessa plötuútgáfu. Þá sé ótalið það tap sem hann hafi setið uppi með vegna ábyrgðar og útgáfu á plötu Utangarðsmanna. Stefnandi hafi því ekki „mokgrætt“ á stefnda eða félögum hans eins og hann staðhæfi ranglega, heldur tapað miklu fé. Þá hafi stefndi og félagar hans fengið fyrirframgreiðslu við útgáfu þriðju hljómplötu EGÓ, auk meirihluta af greiðslu höfundarlauna til laga- og textahöfunda, sem að mestu hafi gengið til stefnda Ásbjörns. Staðhæfingar stefnda um að stefnandi hafi „mokgrætt“ á stefnda eða að hann og aðrir meðlimir hljómsveitanna hafi ekki haft „tíkal uppúr þessu“ eða „skítapening“, þ.e. viðskiptum við útgáfufélag stefnanda, séu ósannar, alrangar og settar fram gegn betri vitund.

Hafi einhver vafi leikið á því hver tilgangur stefnda með þessum ummælum í sjónvarpsþættinum hafi verið, hafi þeim vafa verið eytt þegar hann tjáði sig nánar við stefnanda um ummælin á samfélagsmiðlinum Facebook eftir sýningu þáttarins. Þau ummæli hafi verið höfð eftir honum á ýmsum fréttasíðum. Þar hafi stefndi ítrekað sagt að útgáfusamningar hans og Steina hf. hafi verið „ömurlegir“ þar sem stefnandi hafi nýtt sér reynsluleysi, fákunnáttu og bágborið ástand stefnda til að koma á samningi sem hafi verið stefnanda óeðlilega hagstæður á kostnað stefnda og annarra meðlima í hljómsveitum hans. Með þeim ummælum á Facebook sem séu tilgreind í dómkröfum stefnanda, liðum 2.a-c og tölulið 3.a, hafi stefndi dróttað að því að stefnandi hafi gerst sekur um misneytingu, nýtt sér meinta fákunnáttu og reynsluleysi hans og yfirburðastöðu sína til þess að hafa af stefnda eðlilega fjárhagslega hlutdeild í ávinningi af tónlist hans, sem Steinar hf. hafi gefið út.

Ummæli, sem hafi verið höfð eftir stefnda á vefsíðunum mbl.is og visir.is, tilgreind í liðum 4.a og 5.a í dómkröfu, hafi falið í sér alvarlegar aðdróttanir um refsiverða og/eða ólöglega misneytingu stefnanda á stefnda vegna fíkniefnaneyslu hins síðarnefnda. Þar hafi stefndi haldið því fram, blákalt, að stefnandi hafi nýtt sér bjargar-



leysi hins fyrrnefnda undir áhrifum eiturylfja til þess að hafa af honum fé í viðskiptum. Að mati stefnanda sé alrangt að hann hafi verið í nokkurri yfirburðastöðu við samningsgerð við stefnda. Stefnandi sé hvorki menntaður á sviði viðskipta né lögfræði og hafi ekki notið aðstoðar slíkra sérfræðinga við samningsgerðina. Samningar hafi verið gerðir að frumkvæði stefnda, í fullri samvinnu við hljómsveitar meðlimi og tekið hafi verið tillit til krafna þeirra. Meðlimir Utangarðsmanna hafi lagt áherslu á að fá háan ágóðahlut af sölutekjum platna sinna og meðlimir EGÓ að fá tryggingu fyrir væntanlegri vinnu, með því að fá ágóðahlut greiddan fyrirfram. Stefnandi hafi orðið við óskum beggja hljómsveitanna. Hann kannist hvorki við að stefndi hafi verið undir áhrifum fíkniefna þegar téðir samningar voru gerðir né að stefnandi hafi yfirhöfuð átt nokkur samskipti við stefnda er hinn síðarnefndi var undir áhrifum vímuefna. Því sé algjörlega tilhæfalaus sú staðhæfing stefnda að stefnandi hafi hagnýtt sér bággt ástand hans vegna fíkniefnaneyslu.

Í misneytingarákvæði 253. gr. almennra hegningarlaga teljist það að nýta sér bágindi annars manns í auðgunarskyni vera ein verknaðaraðferð ákvæðisins og því fari ekki á milli mála að með þessum ummælum sínum hafi stefndi dróttað að því að stefnandi hafi brotið gegn honum á refsiverðan hátt. Í III. kafla laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, nr. 7/1936, séu ákvæði sem mæli fyrir um að samningar sem séu knúðir fram við tilteknar aðstæður og af ásetningi skuli vera ógildir fyrir þann aðila er á hafi verið hallað. Þetta eigi við um samninga sem séu fengir með svikum eða því að maður hafi notað sér bágindi annars manns, einfeldni hans, fákunnáttu eða léttúð eða það, að hann hafi verið honum háður, til þess að afla sér hagsmuna eða áskilja sér þá, þannig að bersýnilegur mismunur sé á hagsmunum þessum og endurgjaldi því er fyrir þá hafi komið eða skyldi koma, eða hagsmunir þessir skyldu veittir án endurgjalds. Að mati stefnanda felist í aðdróttun stefnda að útgáfusamningar þeir sem ummæli hins fyrrnefnda vísi til hafi í reynd verið ógildanlegir sökum þess hvernig þeir hafi verið komnir til, fyrir háttsemi stefnanda, sem falli undir III. kafla laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ólögmetta löggerninga.

Stefnandi telur að í ummælum stefnda hafi ekki falist gildisdómur um stefnanda. Þau hafi ekki verið sett fram af tilefni sem stefnandi hafi gefið eða sem innlegg í opinberri samfélagsumræðu um málefni sem varði almenning. Ummælin hafi verið sett fram að tilefnislausu. Í þeim felist staðhæfingar um siðferðislega vansæmandi og jafnvel refsiverða háttsemi stefnanda í viðskiptum við stefnda sem séu beinlínis rangar og ósannar. Þá séu téð ummæli stefnda á skjön við jákvæð ummæli hans um stefnanda í fjölmiðlum, sem hafi til dæmis birst í Vikunni árið 1980:

*En Steinar hefur reynst okkur frábærlega vel. Hann hefur hjálpað okkur í ýmsum persónulegum málum, bara útaf almennilegheitum. Hann hefur verið með ólíkindum almennilegur við okkur og það er ekki til að hafa gullkálfa góða, maðurinn er bara svona vel innrættur.*

Á fréttavefnum visir.is, 18. ágúst 2016, hafi eftirfarandi verið haft eftir Danny Pollock, fyrrum gítarleikara Utangarðsmanna um viðskipti hljómsveitarinnar og stefnanda:

*Já, ég þekkti hann mjög vel og hef ekkert slæmt um hann að segja [...] Hann hjálpaði okkur mikið á sínum tíma og lagði til peninga fyrir bandið og svona.*

Ummæli stefnda um viðskipti sín við stefnanda fái því hvorki stoð í fyrrgreindri samtímayfirlýsingu stefnda um viðskipti hans og stefnanda né í lýsingu samstarfsmannsins Danny Pollocks um viðskipti Utangarðsmanna við stefnanda.

Stefnandi telur að í ljósi atvika verði vart annað séð en að tilgangur stefnda með ummælum sínum hafi verið að svarta mannorð stefnanda og bera vísvitandi út rangar staðhæfingar um viðskipti stefnda við hann í tengslum við útgáfu Steina hf. á tónlist stefnda og félaga hans undir merkjum Utangarðsmanna og EGÓ. Þessi ummæli hafi verið meiðandi fyrir stefnanda, enda tilefnislaus, tilhæfulaus og óviðurkvæmileg. Ummælin hafi ekkert erindi átt til almennings og stefnandi eigi ekki að þurfa að sitja undir aðdróttunum um siðferðislega ámælisverða viðskiptahætti og þaðan af síður að þær séu settar fram í opinberri umfjöllun um sögu íslenskrar popp- og rokktónlistar þar sem hann hafi leikið stórt hlutverk sem útgefandi um áratugaskeið. Þá eigi stefnandi heldur ekki að þurfa að sæta því að aðdróttunum stefnda í hans garð sé miðlað af stefnda, Ríkisútvarpinu, sem sé rekið í þágu almennings, og enn síður að sitja undir síendurteknum aðdróttunum stefnda á netmiðlum.

Með framangreindum ummælum sínum hafi stefndi farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis síns. Hafa beri í huga að stefnandi sé ekki opinber persóna. Það sé stefndi hins vegar og verði því að beita strangara sakarmati, enda megi ætla að eftir orðum hans sé tekið í fjölmiðlum og samfélagsumræðu og að þau móti skoðanir fólks í garð stefnanda. Í ljósi framangreinds telur stefnandi vafalaust að stefndi teljist með hinum tilvitnuðu ærumeiðandi ummælum í garð stefnanda hafa brotið gegn æru hans og persónu og því bakað sér refsingu samkvæmt 235. gr. og 236. gr. almennra hegningarlaga. Að mati stefnanda beri því að dæma ummælin dauð og ómerk samkvæmt 1. mgr. 241. gr. laganna. Ljóst sé að stefndi hafi látið ummælin falla gegn betri vitund og beri hann því refsíabyrgð á þeim á grundvelli 1. mgr. 236. gr. sömu laga.

### **Málsástæður og lagarök stefnanda fyrir kröfum á hendur Ríkisútvarpinu ohf.**

Stefnandi byggir á því að stefndi Ríkisútvarpið beri ábyrgð á birtingu ummæla stefnda, Ásbjörns, um stefnanda í þættinum Popp- og rokksaga Íslands, sem tilgreind séu í kröfulið 1.a í dómkröfum stefnanda, ásamt Ásbirni sjálfum.

Í lögum um Ríkisútvarpið ohf., fjölmiðil í almannabágu, nr. 23/2013, segi meðal annars um starfshætti þess í 1., 2., 3. og 4. tölulið 4. mgr. 3. gr.:

Í starfsháttum sínum skal Ríkisútvarpið:

1. Vera til fyrirmyndar um gæði og fagleg vinnubrögð.
2. Ábyrgjast að sanngirni og hlutlægni sé gætt í frásögn, túlkun og dagskrárgerð, leitað sé upplýsinga frá báðum eða öllum aðilum og sjónarmið þeirra kynnt sem jafnast.
3. Sannreyna að heimildir séu réttar og að sanngirni sé gætt í framsetningu og efnistöfum.
4. Virða friðhelgi einkalífsins í fréttum og dagskrárefni nema lýðræðishlutverk Ríkisútvarpsins og upplýsingaréttur almennings krefjist annars.

Stefndi, Ríkisútvarpið, hafi keypt dreifingarrétt að þættinum Popp- og rokk-saga Íslands af Markel ehf. og auk þess verið meðframleiðandi þáttanna. Stefnda hafi því verið skylt að bera téð ummæli stefnda, Ásbjörns, í þættinum undir stefnanda og gefa honum kost á að bregðast við þeim þannig að sanngirni væri gætt í efnistöfum eins og mælt sé fyrir um í 2. og 3. tölulið 4. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið, sbr. og 3. mgr. 1. gr. siðareglna þess. Það hafi stefndi ekki gert og því brotið gegn framangreindum ákvæðum laga um Ríkisútvarpið.

Í 36. gr. laga um fjölmiðla, nr. 38/2011, sé meðal annars tekið fram að:

Aðili sem telur að lögmætir hagsmunir sínir, einkum æra eða orðspor, hafi beðið tjón af því að rangt hafi verið farið með staðreyndir í fjölmiðli hefur rétt til andsvara í viðkomandi miðli eða til annarra jafngildra úrræða. Andsvör skulu birt eða þeim miðlað þegar eftir að rök hafa verið færð fyrir beiðni þar um. Birta skal andsvör óháð formi fjölmiðils þannig að eftir verði tekið. Fjölmiðlaveitu er óheimilt að óska eftir greiðslu fyrir birtingu eða miðlun andsvars.

Eftir að stefndi Ríkisútvarpið hafi fengið bréf lögmanns stefnanda, dagsett 19. júlí 2016, hafi þeim fyrrnefnda verið skylt, samkvæmt framangreindu ákvæði laga um fjölmiðla, að gefa stefnanda kost á svara aðdróttunum stefnda, Ásbjörns, í þættinum, yrði ekki fallist á að klippa ummælin úr honum. Að mati stefnanda verði að skilja 36. gr. laganna svo, sbr. ummæli í greinargerð með frumvarpi til laganna, að andsvar skuli koma fram á sama vettvangi og þau ummæli sem andsvarið eigi við, standi til að dreifa ummælunum frekar. Því hafi stefnda borið, eftir að hann hafnaði þeirri kröfu stefnanda að ummæli stefnda, Ásbjörns, yrðu klippt út, að gefa stefnanda kost á að tjá sig um þau og birta í þættinum þegar hann var endursýndur 24. ágúst sl. Það hafi stefndi ekki gert og því brotið gegn skyldum sínum samkvæmt 36. gr. laga um fjölmiðla.

Í 1. mgr. 50. gr. laga um fjölmiðla segi að brjóti hljóð- eða myndmiðlunarefni í bága við lög, fari um refsí- og fébótaábyrgð sem hér segi:

- a. Einstaklingur sem tjáir sig í eigin nafni, flytur eða miðlar efni sem hann hefur sjálfur [...] eða flytur efni samið af öðrum samkvæmt eigin ákvörðun ber á því

ábyrgð sé hann heimilisfastur hér á landi eða lúti íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli.

b. Kaupandi hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni, hvort heldur sem um einstakling eða lögaðila er að ræða, ber ábyrgð á efni hennar sé hann heimilisfastur hér á landi eða lúti íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli.

Stefndi falli undir b-lið 50. gr. laga um fjölmiðla og beri því ábyrgð á birtingu ummæla stefnda, Ásbjörns.

Að kröfu stefnanda hafi stefnda borið að taka hin tilvitnuðu ummæli stefnda, Ásbjörns, út úr 7. þætti þáttaraðarinnar, enda hafi stefnda þá verið kunnugt að í ummælunum fælist aðdróttun og meingerð gegn æru og persónu stefnanda. Með því að neita að fallast á þá kröfu stefnanda og endursýna þáttinn þess í stað með ummælunum teljist stefndi af ásetningi hafa staðið að opinberri birtingu hinna refsiverðu ummæla stefnda, Ásbjörns, í garð stefnanda. Stefndi hafi því með þeirri háttsemi brotið gegn tilvitnuðum ákvæðum laga um fjölmiðla um ábyrgð á sjónvarpsefni.

Í 2. mgr. 50. gr. laganna sé tekið fram að fjölmiðlaveita beri ábyrgð á greiðslu stjórnvaldssekta, fésekta og skaðabóta sem starfsmanni hennar kunni að vera gert að greiða samkvæmt þessari grein. Af því leiði að stefndi beri ábyrgð á greiðslu miskabóta til stefnanda.

Með þeirri viðurkenningarkröfu sem stefnandi geri á hendur stefnda leitist hann við að koma í veg fyrir að hin ærumeiðandi ummæli, sem hafi birst í þættinum, hljóti frekari opinbera dreifingu. Stefndi hafi sérstaka lögvarða hagsmuni af því að sú krafa nái fram að ganga. Algengt sé að sjónvarpsþættir séu endursýndir, gefnir út á DVD-diskum og dreift í hlaðvarpi svo sem í svonefndum Sarpi sem stefndi starfræki á vefsíðu sinni. Með viðurkenningarkröfu sinni hyggist stefnandi koma í veg fyrir að hinum ærumeiðandi ummælum sé áfram dreift með þeim leiðum.

Sú krafa að stefnda verði gert, að viðlögðum dagsektum, að gera grein fyrir forsendum og dómsorði í máli þessu í dagskrá sinni þegar dómur falli, byggist á 59. gr. fjölmiðlalaga sem hljóði svo:

Birting dóms.

Nú er fjölmiðlaveitu eða öðrum þeim sem ábyrgð ber á efni samkvæmt lögum þessum dæmd refsing, ummæli ómerkt eða fébætur dæmdar og má þá ákveða í dómi að viðlögðum dagsektum, eftir kröfu þess sem misgert er við, að forsendur og dómsorð skuli birt þegar um ritmiðil er að ræða eða grein gerð fyrir þeim í dagskrá þegar um hljóð- eða myndmiðil er að ræða.

Þegar um ritmiðil er að ræða skal birta dómshlutann með sama hætti og annað efni viðkomandi miðils og á þeim stað að eftir verði tekið og þegar um hljóð- eða myndmiðil er að ræða skal grein gerð fyrir honum á þeim tíma þegar hlustun eða áhorf er mest.

Stefnandi byggir kröfu sína um miskabætur á hendur báðum stefndu á b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993. Miskabótakrafan á hendur stefnda, Ásbirni, byggist á því að hann hafi vegið alvarlega að æru stefnanda með því að saka hann um að hafa nýtt sér reynsluleysi, fákunnáttu og bágindi hins fyrrnefnda sökum fíkniefnaneyslu til þess að hafa af honum fé í viðskiptum. Miskabótakrafan taki bæði mið af þeim álitshnekki og hugarangri sem ummælin hafi valdið stefnanda svo og því að þau hafi fengið víðtæka opinbera dreifingu og séu til þess fallin að skaða viðskiptahagsmuni stefnanda.

Miskabótakrafan á hendur stefnda Ríkisútvarpinu ohf., byggist í fyrsta lagi á því að með því að birta ummælin sem séu tilgreind í kröfulið 1.a í dómkröfum stefnanda, í fyrsta lagi án þess að kanna sannleiksgildi þeirra og birta þau að nýju eftir að stefnandi hafi krafist þess að þau yrðu tekin út úr viðkomandi þætti, og í öðru lagi án þess að gefa honum kost á andsvörum við endursýningu þáttarins, hafi stefndi stuðlað að opinberri dreifingu hinna ærumeiðandi ummæla af ásetningi.

Vegna kröfu um kostnað við birtingu dóms vísar stefnandi til 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga en á grundvelli hennar beri stefndu ennfremur að greiða stefnanda hæfilega fjárhæð til þess að standa straum af birtingu dómsins í víðlesnu dagblaði, enda sé það stefnanda nauðsynlegt til að rétta hlut sinn og koma sannleikanum á framfæri.

### **Málsástæður og lagarök stefnda Ásbjörns**

Stefndi, Ásbjörn, andmælir öllum kröfum og málsástæðum stefnanda. Í fyrsta lagi beri að sýkna hann af kröfum sem lúti að ummælum í 1. kröfulið sökum aðildarskorts. Í þeim ummælum sé ekki vísað til stefnanda heldur einungis „útgefandans.“ Stefndi hafi ekki verið útgefandi Egó og reyndar ekki heldur Utangarðsmanna, heldur Steinar hf. Stefndi hafi ekki verið að vísa til stefnanda. Því beri að sýkna hann af 1. kröfulið vegna aðildarskorts stefnanda og af kröfu í 6. lið að því marki sem hún vísi í 1. kröfulið. Jafnframt beri að sýkna hann af kröfu í 7. lið þar sem sú krafa sé ekki sundurgreind eftir því hver ummælin séu og hið sama eigi við um kröfu í 11. lið.

Í öðru lagi byggist sýknukrafa stefnda fyrst og fremst á því að með ummælum sínum hafi stefndi ekki farið út yfir mörk tjáningarfrelsis síns, en allar takmarkanir á því beri að skýra þröngt. Í ummælum hans hafi þannig hvorki falist refsiverð aðdróttun, né aðdróttun gegn betri vitund, sbr. 235. gr. og 236. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, heldur gildisdómar þar sem stefndi hafi lagt mat sitt á staðreyndir sem hann taldi vera fyrir hendi. Það sé augljóst af allri orðnotkun í þeim ummælum sem stefnt sé vegna, þar með talið ummælunum í 1. kröfulið, enda komi þar fyrir orðin „mokgræða“, „tíkal“ og „skítapeningur“.

Stefndi mótmælir því að í ummælum á samskiptamiðlinum Facebook, sbr. 2. og 3. kröfulið, hafi hann meðal annars dróttað að því að stefnandi hefði gerst sekur um misneytingu og sviksamlega háttsemi. Staðreyndin sé sú að fyrirtækið Steinar hf. hafi verið í yfirburðastöðu gagnvart stefnda, enda hafi það verið sérhæft fyrirtæki á meðan stefndi og félagar hans hafi verið tiltölulega ungir og reynslulausir. Samningarnir hafi sannarlega verið gerðir annars vegar milli Steina hf. og svo stefnda og félaga hans í fyrrnefndum hljómsveitum hins vegar. Það sé auk þess staðreynd að stefndi og félagar hans hafi ekki haft þekkingu á samningsgerð á þessu sviði, enda sé þetta sérhæft svið lögmannna. Að öðru leyti komi ekkert fram í ummælum stefnda annað en það sem séu augljósir gildisdómar um framangreindar staðreyndir, sem stefndi hafi talið vera fyrir hendi.

Stefndi mótmælir þeim fullyrðingum stefnanda að með ummælum sínum við fjölmiðlamenn í ágúst 2016, sbr. 4. og 5. kröfulið, hafi hann dróttað því að stefnandi hefði nýtt sér fíkniefnaneyslu hans í auðgunarskyni, þ.e.a.s. þannig að refsivert geti talist. Það sé staðreynd að stefndi hafi á þeim tíma er hann samdi við Steina hf. verið illa haldinn fíknisjúklingur. Stefndi telur annað útilokað en að stefnanda hafi verið fullkunnugt um stjórnlausa vímuefnaneyslu hans og að fullyrðingar stefnanda um annað séu settar fram gegn betri vitund. Það sé svo önnur staðreynd að gerðir hafi verið við hann samningar í þessu ástandi, enda hafi hann aldrei verið allsgáður á þessum tíma. Samningarnir hafi varla verið gerðir í öðru skyni en að hafa af þeim hagnað. Samningar um útgáfu tónlistar séu almennt gerðir í hagnaðarskyni, það gefi auga leið. Að öðru leyti komi ekkert fram í ummælum stefnda annað en það sem telja megi augljósan gildisdóm hans um þessar staðreyndir.

Stefndi mótmælir sönnunargildi skjala sem eigi að sýna tap af útgáfu og/eða útreikninga. Fram lagðir ársreikningar stefnanda fyrir hljómplötuútgáfuna Steinar hf. frá 1983 og 1984 sýni ekki hagnað eða tap af einstökum útgáfum heldur tiltekin umsvif sem geri að minnsta kosti skiljanlegt hvaða staðreyndir stefndi hafi talið vera fyrir hendi. Útreikningar, sem stefnandi hafi lagt fram í málinu og eigi að sýna fram á hagnað/tap af Egó-plötum, sýni einungis einhliða útreikninga hans og hafi þannig ekkert sönnunargildi. Þeir séu að auki á skjön við önnur gögn málsins. Þannig geri samningurinn við Egó ekki ráð fyrir fyrirframgreiðslu nema fyrir fyrstu plötuna, eins og áður segi. Höfundagjöld eða -laun séu tvítekin og ekkert styðji aðrar tölur í skjalinu. Þannig sé engin stoð fyrir því að þau ummæli stefnda, sem hafi lotið að fjárhagslegum atriðum, hafi verið sett fram gegn betri vitund, eins og stefnandi haldi fram.

Stefndi mótmælir því að hafa dróttað að broti gegn 235. gr. almennra hegningarlaga og að því að samningarnir tveir við Steina hf. hafi verið ógildanlegir í skilningi laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, nr. 7/1936, eins og stefnandi haldi fram. Jafnvel þótt svo væri félli það í það minnsta innan marka tjáningarfrelsis

stefnda að lýsa þeirri skoðun sinni að samningarnir ættu með réttu að vera ógildanlegir. Stefndi hafi hins vegar hvorki tæpt á refsiverðri háttsemi með ummælum sínum né því að samningarnir hafi verið ógildanlegir, heldur hafi hann einungis tjáð sig um mat sitt á samningskjörum, hagnaði og tapi, og hvernig líta mætti á þá staðreynd að við hann hafi verið samið þegar hann var í daglegri neyslu vímuefna, án þess að séð væri til þess að aðrir gættu hagsmuna hans. Stefndi sé frjáls þeirra skoðana sinna.

Þá séu fullyrðingar stefnanda um aðdróttanir um brot gegn 235. gr. almennra hegningarlaga og að samningarnir hafi verið ógildanlegir í skilningi laga nr. 7/1936 í beinni andstöðu við það sem stefndi hafi sagt í raun og veru. Í þeim efnum og almennt í málinu verði bæði að horfa á hvað stefndi hafi sagt orðrétt í hverju tilviki fyrir sig en ekki samkvæmt túlkun og endursögn stefnanda. Þá verði einnig að líta til þess í hvaða samhengi ummælin komi fram. Meðal annars vísar stefndi til þess að hann og aðrir liðsmenn hljómsveitanna tveggja hafi skrifað undir í þeim skilningi að þá hafi langað til að gera plötur og verði að bera ábyrgð á því að hafa skrifað undir. Þannig sé ljóst að stefndi hafi hvorki ýjað að né fullyrt neitt um brot gegn lögum eða ógildanleika samninganna. Enda komi það ekki heim og saman við að stefndi og aðrir hljómsveitarmélimir verði sjálfir að bera ábyrgðina á undirskriftum sínum á samningunum.

Hið rétta sé þannig að stefndi hafi aldrei dróttað að broti gegn lögum eða að því að samningarnir væru ógildanlegir, heldur hafi hann gagnrýnt harkalega þau samningskjör sem hann hafi notið hjá Steinum hf., að flytjendur hafi ekki borið meira úr bítum og þau vinnubrögð sem viðhöfð hafi verið þegar samningarnir voru gerðir. Efnislega eigi slík ummæli einnig mikið erindi í samfélagsumræðuna, enda séu tónlistarmenn alla jafna ungir að árum þegar þeir gangi fyrst til samninga við útgefendur og hafi litla sem enga þekkingu á réttindum sínum. Stefndi telji umræðu um tónlistarsögu Íslands og gagnrýni á kjör listamanna í samningum við útgefanda á tilteknu tímabili í þeirri sögu þarft innlegg í opinbera samfélagsumræðu og mótmæli fullyrðingum stefnanda annað.

Stefndi mótmælir því einnig að ummælin hafi ekki verið sett fram af gefnu til efni stefnanda, eins og hann fullyrði. Þvert á móti verði að skoða ummælin í því ljósi að þau hafi einmitt verið sett fram að slíku gefnu tilefni, til að mynda eigi það augljóslega við um öll ummælin í 2.-5. kröfulið, enda hafi þau öll verið viðbrögð stefnda við harkalegum ummælum stefnanda, annað hvort á samskiptamiðlinum Facebook eða í fréttatilkynningu um málshöfðun. Stefnanda hafi mátt vera það ljóst að með ummælum sínum kallaði hann á hörð viðbrögð stefnda. Sama megji segja um fyrstu ummælin, enda ljóst að þar hafi verið fjallað um viðskipti og samskipti beint á milli Steina hf. og stefnda þótt langt væri um liðið. Auk þess hafi þau ummæli ekki verið að frumkvæði stefnda, heldur hafi hann sérstaklega verið spurður út í þessi viðskipti í viðtalinu. Ummælin verði öll að skoða í því ljósi að augljóst sé, að einungis vegna

Þess hvernig viðtal stefnanda og stefnda hafi verið klippt saman í 7. þætti Popp- og rokksögu Íslands, megi vera ljóst að annars nafnlaus ummæli stefnda hafi vísað til Steina hf. Þá hafi eftirleikurinn stafað af athöfnum stefnanda sjálfs, þar sem hann hafi espað til illinda með harðskeyttum og meiðandi ummælum um stefnda, án þess að gæta að því að stefndi hafi enga stjórn haft á klippingu þáttarins.

Stefndi mótmælir því að jákvæð samtímalýsing sín á samskiptum Utangarðsmanna við stefnanda skipti máli fyrir niðurstöðu þessa máls, eins og stefnandi láti liggja að, enda hafi stefndi ekki vitað betur á þessum tíma. Síðar hafi hann áttað sig á þeim atriðum sem hann telur að hafi verið óviðunandi í viðskiptum við Steina hf.

Að sama skapi mótmælir stefndi því að afstaða eins meðlims Utangarðsmanna, Danny Pollock, sem fram komi í viðtali við hann á vefmiðlinum visir.is 18. ágúst 2016, skipti máli fyrir niðurstöðu þessa máls, eins og stefnandi gefi í skyn, enda birtist þar einungis gildisdómur þess manns, sem eðli málsins samkvæmt geti verið allt annar en gildisdómur stefnda. Hins vegar bendir stefndi á að í því viðtali komi einnig fram þau ummæli Danny Pollock að aðrir liðsmenn Utangarðsmanna, sem ekki hafi verið sjálfir með samninga (sólóverkefni) hjá Steinum hf., hafi allir verið „alveg á kúpunni“. Að mati stefnda styður sú frásögn það að liðsmenn Utangarðsmanna hafi fengið lítið í sinn hlut. Ummælin geri í það minnsta skiljanlegt hvers vegna stefndi hafi talið tilteknar staðreyndir vera fyrir hendi. Gagnstætt því mati Danny Pollock, að Utangarðsmenn hafi verið „alveg á kúpunni“, og því sem stefndi hafi sagt um fjárhagslegt hlutskipti liðsmanna Egó, verði að hafa í huga að Utangarðsmenn, og sérstaklega Egó, hafi verið meðal allra vinsælustu hljómsveita landsins á þessum tíma, eins og fram komi í sama sjónvarpsþætti og ummælin í 1. kröfulið. Sem dæmi megi nefna að eitt af lögnum á plötunni „Geislavirkir“ með Utangarðsmönnum hafi verið í tíu vikur á lista dagblaðsins Vísis yfir tíu vinsælustu lögin. Einnig megi nefna að „Breyttir tímar“ með Egó hafi þegar í kjölfar útgáfunnar orðið ein mest selda plata íslenskrar tónlistarsögu. Hún hafi til að mynda verið 19 vikur á lista yfir tíu mest seldu íslensku plöturnar.

Stefndi mótmælir því að tilgangur hans með ummælunum hafi verið sá að sverta mannorð stefnanda og bera vísitandi út rangar staðhæfingar um viðskipti sín við hann, fyrir hönd útgáfufyrirtækis hans. Enginn slíkur tilgangur hafi verið að baki ummælum stefnda heldur hafi hann einungis tjáð neikvæðar skoðanir sínar á staðreyndum sem hann hafi talið vera fyrir hendi.

Enn fremur mótmælir stefndi þeim fullyrðingu stefnanda að hann sé ekki opinber persóna. Stefndi bendir á að stefnandi sé opinber persóna á sama hátt og stefndi og fullyrðingin sé í beinni andstöðu við annað sem sé fullyrt um stefnanda. Það verði einmitt að skoða ummælin í því ljósi að stefnandi sé opinber persóna og sem slík hafi harkaleg viðbrögð hans við ummælunum í 1. kröfulið mikið að segja um það að eftir þeim hafi verið tekið. Ummæli stefnda hafi ekki vakið neina sjálfstæða athygli og



megi telja víst að engin frekari umræða hefði orðið um þau, nema vegna harkalegra viðbragða stefnanda sem opinberrar persónu. Til sanns um það megi nefna ummæli söngkonunnar Arnbjargar Auðar Örnólfsdóttur, Öddu Örnólfs, sem hefjist á 41. mínútu í 1. þætti Popp- og rokksögu Íslands. Tvær plötur séu vel þekktar með upptökum á flutningi Öddu og Ólafs Briem á lögnum *Nótt í Atlavík, Togarar talast við, Bella símamær* og *Kom þú til mín*, sem Hljóðfærahús Sigríðar Helgadóttur (HSH) hafi gefið út veturinn 1953-1954. Ummæli Öddu hafi verið efnislega sambærileg þeim sem stefndi hafi látið falla í 7. þætti Popp- og rokksögu Íslands. Í þeim hafi falist gagnrýni á þau kjör sem hún hafi notið, meðal annars með hliðsjón af því að plötur sem hún hafi sungið inn á hafi selst vel.

Stefndi telur þau sjónarmið sem hann hafi rakið leiða til þess að ekki beri að ómerkja nein ummælanna. Að sama skapi hafi stefndi ekki unnið stefnanda neinn miska í skilningi 26. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993. Að auki sé hvorki tilefni til að dæma stefnda til refsingar, né til að greiða kostnað við birtingu dóms.

Verði ekki fallist á að ummælin sem slík séu gildisdómar byggir stefndi á því að þau séu staðhæfingar sem nægileg stoð sé fyrir. Stefndi byggir einnig á því að hann hafi verið í góðri trú um sannleiksgildi þeirra, meðal annars með vísan til þess sem þegar hafi komið fram, með sömu afleiðingum. Í slíku tilviki eigi að horfa til þess að ummælin séu flest látin falla í harkalegum, persónulegum orðahnippingum og því verði að líta á ummælin öll í heild sinni sem gildisdóm, og það jafnvel þótt dómurinn líti svo á að inn á milli séu staðhæfingar sem út af fyrir sig mætti krefjast sönnunar fyrir. Allt að einu eigi að nýta heimild í 239. gr. almennra hegningarlaga til að láta refsingu falla niður.

Stefndi byggir sýknukröfu sína í þriðja lagi á því að jafnvel þótt svo yrði litið á að ummælin séu ærumeiðandi telur hann að miskabótakrafa í 7. kröfulið eigi sér ekki stoð. Þannig verði miskabætur ekki dæmdar nema gáleysi sé verulegt og telur hann einsýnt, með hliðsjón af ofangreindri málsatvikalýsingu og öðrum rökstuðningi, að háttsemi hans nái ekki því stigi saknæmis. Hvernig stefnda hafi virst staðreyndir málsins vera verði þannig ekki metið honum til sakar, hvað þá til verulegs gáleysis. Allt að einu beri að sýkna hann af miskabótakröfu á grundvelli leyfilegrar orðhefndar.

Verði ekki fallist á sýknukröfu stefnda krefst hann þess til vara að krafa um miskabætur verði stórlega lækkuð. Stefndandi krefjist óhóflegrar fjárhæðar og í raun sé enginn rökstuðningur fyrir henni. Allt að einu byggir stefndi á því að beita eigi ákvæði 24. gr. skaðabótalaga til að fella niður eða lækka fjárhæðina í ljósi atvika málsins og eðlis bótaábyrgðar. Þá virðist stefnda sem stefndandi hafi nokkuð umsvifamikinn ferða-

þjónusturekstur með höndum. Stefndi hafi hins vegar einungis framfæri af list sinni, sé ekki fjáður og njóti engra trygginga vegna þessa.

Stefndi mótmælir einnig sérstaklega upphafstíma dráttarvaxta miskabótakröfu. Engin efni séu til að reikna dráttarvexti fyrr en frá dómsuppsögu þar eð ekki verði ljóst fyrr en þá hvort stefnandi eigi einhverja kröfu á hendur stefnda. Fyrr en það liggi fyrir geti ekki verið fyrir hendi vanefnd á greiðslu sem réttlæti álagningu dráttarvaxta. Annað sé að mati stefnda andstætt tilgangi heimildar til að reikna dráttarvexti. Í öllu falli sé ekki tilefni til að reikna dráttarvexti fyrr en að liðnum mánuði eftir birtingu stefnu sem hafi verið 23. september 2016. Þá fyrst hafi stefnandi borið fram kröfur sínar á hendur stefnda.

Í fjórða lagi byggir stefndi sýknukröfu sína á því að ekki sé tilefni til að verða við kröfu um kostnað við birtingu dóms í 11. kröfulið og að krafan sé úr hófi fram. Miðað við umfjöllun fjölmiðla um þetta mál og í ljósi aðildar meðstefnda Ríkisútvarpsins ohf., verði ekki séð að nein þörf verði á því að reiða af hendi fjármuni til þess að birta dóm í þessu máli. Verði ekki fallist á sýknukröfu stefnda krefst hann þess til vara að þessi krafa verði stórlega lækkuð. Stefnandi krefjist of hárrar fjárhæðar og engin þörf sé á að birta dóminn í heild sinni í víðlesnu dagblaði. Þá sé ósannað að fjárhæðin sé í samræmi við væntan kostnað. Allt að einu sé því ekki tilefni til að dæma svo háa fjárhæð sem stefnandi krefst. Þá gerir stefndi að lokum málatilbúnað meðstefnda, Ríkisútvarpsins ohf., að sínum eftir því sem við geti átt og eftir því sem samrýmist hans eigin málatilbúnaði.

Til stuðnings dómkröfum sínum vísar stefndi einkum til 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Hann vísar til 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sem og 24. og 26. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993, eins og skýra skuli þau ákvæði í ljósi framangreindra ákvæða stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu. Jafnframt vísar stefndi til laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, einkum 16. gr. um aðildarskort og 129.-130. gr. vegna kröfu um málskostnað en í öllum tilvikum krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda.

### **Málsástæður og lagarök stefnda Ríkisútvarpsins**

Stefndi, Ríkisútvarpið ohf., mótmælir öllum málsástæðum stefnanda og gerir jafnframt málatilbúnað meðstefnda, Ásbjörns, að sínum eftir því sem við getur átt og samrýmist málatilbúnaði stefnda.

Stefndi byggir í fyrsta lagi á því að aðild stefnanda að málinu sé vanreifuð. Málatilbúnaður hans á hendur stefnda sé sprottinn af ummælum í kröfulið 1.a. Í málinu liggi enn fremur fyrir endurrit af hluta 7. þáttar sjónvarpsþáttaraðarinnar Popp- og rokksaga Íslands þar sem fram komi umþrætt ummæli. Þar sé engin tilvísun til stefn-

anda sjálfs og persónu hans. Útgefandinn hafi á hinn bóginn ekki verið stefnandi, heldur hlutafélagið Steinar hf., eins og gögn málsins beri skýrt með sér, svo sem fram lagðir útgáfusamningar annars vegar Steina hf. og Utangarðsmanna frá 23. júní 1980 og hins vegar Steina hf. og Egó frá 15. febrúar 1982, og ársreikningar félagsins frá 1983 og 1984. Málaltilbúnað stefnanda sem gangi út á að „stefndi Ríkisútvarpið ohf. beri ábyrgð á birtingu ummæla stefnda Ásbjörns um stefnanda“, bresti því sýnilega stoð. Í þessu sambandi beri og að hafa í huga að félög séu að lögum sjálfstæðar persónur og verði að jafnaði ekki samsamaðar hluthöfum, fyrirsvarsmönnum og öðrum hagaðilum og njóti lögpersónur oft ekki þeirrar verndar sem allur málaltilbúnaður stefnanda byggist á. Aðild málsins sé í öllu falli vanreifuð, að minnsta kosti gagnvart stefnda, og raunar þannig að frávísun málsins varði af sjálfsdáðum. Í þessu samhengi geti ekki breytt neinu, a.m.k. hvað stefnda snerti, þótt síðari ummæli meðstefnda, Ásbjörns, sem séu stefnda að öllu leyti óviðkomandi, kunni eftir atvikum að varða stefnanda málsins frekar en hlutafélagið Steinar hf. Þegar af framangreindum ástæðum beri að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda málsins, sbr. ákvæði um aðildarskort í 2. mgr. 16. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991.

Þá byggir stefndi í öðru lagi á því að ummæli meðstefnda Ásbjörns í kröfulið 1.a í kröfugerð séu ekki ærumeiðandi í garð stefnanda. Forsenda þess sé jafnframt ávallt sú að stefnandi sé samsamaður útgefandanum Steinari hf. í fyrirliggjandi samhengi. Stefndi, sé eðli málsins samkvæmt, ekki í sérstakri aðstöðu til að leggja dóm eða mat á umþrætt ummæli. Að því marki sem meðstefndi, Ásbjörn, byggir á því að þessi ummæli sín teljist ekki ærumeiðandi í garð stefnanda, geri stefndi málaltilbúnað meðstefnda að sínum.

Stefndi bendir þó sérstaklega á, eins og málið komi honum fyrir sjónir, að fyrrnefnd ummæli hljóti að teljast skoðun, þ.e. gildisdómur, meðstefnda Ásbjörns, reistur á mati hans á staðreyndum, en ekki staðhæfing eða fullyrðing um staðreynd, þar með talið þegar orð sem og innra og ytra samhengi ummælanna séu virt. Gildisdómurinn, sem jafnframt verði að virða með hliðsjón af umfjöllun meðstefnda Ásbjörns í heild sinni en ekki horfa á einangrað, rúmist jafnframt innan marka tjáningarfrelsis meðstefnda, Ásbjörns, og sérstaklega sé á því byggt. Þetta sé raunar enn augljósara af frekari skoðanaskiptum á milli stefnanda og meðstefnda, Ásbjörns, á opinberum vettvangi í kjölfar umþrættra ummæla. Hin umstefndu ummæli, ekki aðeins þau sem tilgreind séu í kröfulið 1.a í stefnu málsins, heldur jafnframt önnur ummæli sem stefnandi krefjist að verði dæmd dauð og ómerk, séu þannig um einstök atriði og í öllu falli í heild sinni harkalegar og persónulegar orðahnippingar. Þannig feli þau í sér dæmigerðan gildisdóm sem uppfylli ekki skilyrði þess að teljast ærumeiðing, þar með talið eins og 73. gr. stjórnarskrárinnar verði skýrð með hliðsjón af 10. gr. mannréttindasáttmála

Evrópu. Í tilvitnuðum ummælum felist ekki heldur nein aðdróttun um refsiverða og/eða sviksamlega háttsemi eða viðlíka og sé öllum slíkum málatilbúnaði mótmælt.

Stefndi fái ekki betur séð, eins og samskipti stefnanda og meðstefnda, Ásbjörns, á vefmiðlum beri einnig með sér, en að ummæli hins síðarnefnda hafi átt erindi við almenning. Umræður um samningssamband listamanna og útgefenda, þar sem listamenn telji sig bera skarðan hlut frá borði vegna ójafnrar samningsstöðu, séu alkunna og hafi það sýnilega verið skoðun meðstefnda í þessu tilviki, hvað svo sem stefnanda kunni að finnast um hana. Verði ummælin talin staðhæfing, en ekki gildisdómur, sé stefndi hvorki í stöðu til, né telji það hlutverk sitt, að leggja sérstakt mat á sannleiksgildi ummælanna í fyrirliggjandi samhengi, og geri því einfaldlega málatilbúnað meðstefnda Ásbjörns að sínum eftir því sem við geti átt.

Stefndi byggji í þriðja lagi á því og leggi sérstaka áherslu á að jafnvel þótt ummælin í kröfuflið 1.a í stefnu teljist ærumeiðandi í garð stefnanda, skorti lagaskilyrði til að beina kröfum að stefnda af því tilefni. Röksemdir stefnanda hér að lútandi séu ekki alls kostar skýrar. Stefnandi vísi þó til ýmissa lagaákvæða og -bálka málatilbúnaði sínum til stuðnings, sbr. einkum 4. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið ohf., fjölmiðil í almannapágu, nr. 23/2013, 36. gr. laga um fjölmiðla, nr. 38/2011, og 50. og 59. gr. sömu laga. Þá sé jafnframt vísað til b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993 um miskabætur. Ábyrgð stefnda á „birtingu ummæla stefnda Ásbjörns“ virðist reist á b-lið 1. mgr. 50. gr. laga nr. 38/2011. Öllum þessum málatilbúnaði mótmæli stefndi.

Stefndi vísar til þess viðurkennda sjónarmiðs í lýðræðisþjóðfélagi að fjölmiðill verði, öndvert við málatilbúnað stefnanda, að jafnaði ekki gerður ábyrgur fyrir því að miðla ummælum þriðja manns, þ.e. meðstefnda Ásbjörns, hér með því að sýna sjónvarpsþátt sem stefndi hafi fengið framseldan sýningarrétt á. Um framangreint sé meðal annars vísað til 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og einnig 50. gr. laga nr. 38/2011. Til slíkrar ábyrgðar geti einungis stofnast í þröngum undantekningartilvikum og fari því fjarri að slíkum skilyrðum sé fullnægt hér, þar með talið í skilningi 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Hin umstefndu ummæli séu ekki gildisdómur stefnda eða fullyrðing hans um staðreynd og eigi hann rétt á því að vera ekki samsamaður meðstefnda Ásbirni í þessu samhengi, meðal annars með vísan til mannréttindasáttmála Evrópu. Ákvæði laga nr. 23/2013, sem taki til stefnda, haggi ekki framangreindri niðurstöðu og skerði þannig ekki þá réttarvernd sem stefndi njóti samkvæmt 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. og einnig lög nr. 38/2011. Af þeim ákvæðum verði heldur ekki leidd sú skylda, hvað þá í fyrirliggjandi samhengi, að stefnda hafi borið að sannreyna sérstaklega tilvísuð ummæli. Stefnandi hafi verið í góðri trú og ekki standist að

halda því fram að hann hafi af ásetningi staðið að opinberri birtingu hinna refsiverðu ummæla með sýningu, og/eða endursýningu þáttarins, eins og stefnandi haldi fram.

Telji dómstólar að ákvæði 36. gr. laga um fjölmiðla, nr. 38/2011, um rétt til andsvara, sem stefnandi vísar til, geti skýrt átt við í þessu samhengi, beri að gæta að því að stefnandi hafi aldrei farið að þess á leit við stefnda, hvorki í áðurgreindu kröfu- bréfi, dagsettu 19. júlí 2016, né síðar, að fá að nýta sér slíkan rétt. Af tilvitnuðu ákvæði leiði ekki heldur að stefndi hafi átt að gefa stefnanda kost á að tjá sig um þau og birta í þættinum, svo sem hann ætlist til. Önnur niðurstaða sé að mati stefnda ósam- þýðanleg rétti þriðja manns, sbr. gr. 6.3 í samningi og viðaukasamningi milli stefnda og Markell ehf. um sýningarrétt á Popp- og rokksögu Íslands. Þar komi nánar tiltekið fram að stefnda sé „óheimilt að aðlaga, stytta eða breyta þáttunum á nokkurn hátt, nema með fyrirfram gefnu skriflegu samþykki framleiðanda“, og vísar stefndi um þetta jafnframt til almennra höfundarréttarsjónarmiða. Af sömu ástæðum hafi stefnda verið ókleift upp á sitt eindæmi að fjarlægja umþrætt ummæli úr þættinum. Þá skuli og minnt á, sbr. einnig tilvísun stefnanda til laga nr. 23/2013 um stefnda, að öll vinnsla þáttaraðarinnar hafi verið í höndum framleiðandans Markels ehf., og aðkoma stefnda sem „meðframleiðanda“, sem teljist ekki lagalegt hugtak, sé fyrst og fremst bundin við fjárhagslegt framlag hans.

Tilvísun stefnanda til b-liðar 1. mgr. 50. gr. laga um fjölmiðla geti ekki heldur hniðið að annarri niðurstöðu. Í ákvæðinu, sem taki til ábyrgðar á hljóð- og myndefni, segi í a-lið að einstaklingur sem tjái sig í eigin nafni beri á því ábyrgð. Eins og hér hátti til sé það meðstefndi, Ásbjörn. Þetta sé einnig í samræmi við almennar megin- reglur, þ.m.t. réttarstöðu samkvæmt eldri rétti. Í b-lið ákvæðisins segi enn fremur að „[k]aupandi hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni, hvort heldur sem um einstakl- ing eða lögaðila er að ræða, ber ábyrgð á efni hennar ...“. Í 23. tölulið 1. mgr. 2. gr. laganna sé hugtakið „[h]ljóð- og myndsending í viðskiptaskyni“ skilgreint, annars vegar viðskiptaboð og hins vegar fjarkaup. Viðskiptaboð, sbr. 40. tölulið sömu laga- greinar, séu „texti, myndir og/eða hljóð sem er ætlað að vekja, beint eða óbeint, athygli á vörum, þjónustu eða ímynd lögaðila eða einstaklings sem stundar atvinnu- starfsemi og er miðlað gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi eða til kynningar í eigin þágu“. Þá séu fjarkaup, sbr. 12. tölulið sömu lagagreinar, „hljóð- og myndsending sem í felst beint tilboð eða sala á vöru og þjónustu, þ.m.t. fasteignum eða réttindum og skuldbindingum, gegn greiðslu til almennings þar sem við miðlun tilboðs og gerð samnings er notuð ein eða fleiri fjarskiptaáðferðir án þess að neytandinn eða seljand- inn hittist ...“. Framangreint ákvæði eigi því augljóslega ekki við í fyrirbyggjandi sam- hengi. Samkvæmt c-lið sömu greinar beri ábyrgðarmaður fjölmiðils í öðrum tilvikum en samkvæmt a- og b-lið ábyrgð á efni sem miðlað sé. Stefndi beri hins vegar sam- kvæmt 2. mgr. 50. gr. fébótaábyrgð á greiðslu skaðabóta sem starfsmanni kunni að

vera gert að greiða samkvæmt 50. gr. laganna, en í reglunni felist ekki sjálfstæð ábyrgðarregla. Af öllu framangreindu leiði jafnframt, og byggir stefndi sérstaklega á því í tengslum við allar kröfur og málsástæður stefnanda, að lög geti aldrei staðið til þess að beina kröfum að stefnda á þann hátt er stefnandi geri í málatilbúnaði sínum, enda sé hann andstæður uppbyggingu og eðli tilvitnaðrar 50. gr. laga nr. 38/2011, sbr. hér einnig ákvæði 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um aðildarskort. Af framangreindum ástæðum beri þegar að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Af öllu framangreindu leiði, bæði um einstök atriði og að samanlögðu, að ekki séu uppfyllt skilyrði b-liðar 1. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1993 fyrir því að stefndi greiði stefnanda miskabætur. Ekki hafi verið sýnt fram á saknæma háttsemi stefnda og/eða starfsmanna þess. Í öllu falli verði slíkri háttsemi ekki jafnað við ásetning eða stórkostlegt gáleysi, eins og sé skilyrði skaða- eða miskabóta samkvæmt nefndri lagagrein. Séu skilyrði til greiðslu miskabóta allt að einu talin uppfyllt mótmælir stefndi kröfunni sem allt of hárrí, eins og öllum atvikum máls þessa er háttað. Upphafstíma dráttarvaxta er jafnframt mótmælt og telur stefndi eðlilegt að miða við dómsuppsögu í því sambandi.

Varðandi kröfu stefnanda um kostnað vegna birtingar dóms að fjárhæð 500.000 krónur telur stefndi að af málatilbúnaði sínum leiði, bæði um einstök atriði og að samanlögðu, að ekki séu nein skilyrði til að slíkri kröfu verði viðkomið gagnvart honum. Stefndi vísar jafnframt sérstaklega til þess að samkvæmt 241. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, megi dæma þann sem reynist sekur um ærumeiðandi aðdróttun til þess að greiða þeim sem misgert var við hæfilega fjárhæð til þess að standast kostnað af birtingu dóms. Kröfu um ómerkingu ummæla sé einungis beint að meðstefnda, Ásbirni. Samkvæmt ákvæðinu verði kröfu um kostnað vegna birtingar dóms því einungis beint að honum og beri því þegar af þeim sökum að sýkna stefnda, af þessari kröfu stefnanda. Stefndi byggir jafnframt á því að krafa stefnanda að þessu leyti, þar með talið fjárhæð hennar, gangi of langt og sé í öllu falli vanreifuð, hvað þá þegar þess sé einnig krafist að stefndi geri grein fyrir forsendum og dómsorði í málinu þegar dómur falli. Þá telur stefndi með sömu rökum að lagaskilyrði standi ekki til þess að stefnda verði gert að viðlögðum dagsektum að fjárhæð 100.000 krónur að gera grein fyrir forsendum og dómsorði í málinu í dagskrá sinni er dómur falli. Því er jafnframt mótmælt sjálfstætt að efni standi til þess að skylda stefnda samkvæmt þessum kröfuleið, sé að viðlögðum dagsektum, auk þess sem fjárhæð og upphafstíma þeirra sé sérstaklega andmælt.

Að þeirri forsendu gefinni að ummælin í kröfuleið 1.a í kröfugerð stefnanda séu með dómi talin ærumeiðandi í hans garð, sé ekki gerður ágreiningur um þá dómkröfu hans að stefnda sé óheimilt að sýna í sjónvarpi eða birta og dreifa opinberlega með

öðrum hætti 7. þætti sjónvarpsþáttaraðarinnar Popp- og rokksaga Íslands með hinum ærumeiðandi ummælum.

### Niðurstaða

Þetta mál varðar það hvenær réttur eins til æruverndar getur takmarkað tjáningarfrelsi annars. Í málinu er deilt um það hvort ummæli sem stefndi, Ásbjörn, lét falla í þættinum Popp- og rokksaga Íslands, sem stefndi, Ríkisútvarpið ohf., sýndi 13. mars og 24. ágúst 2016, og ummæli sem Ásbjörn lét falla í kjölfarið á samskiptamiðlinum Facebook 14.-15. mars sama ár og í viðtölum við vefmiðlana visir.is og mbl.is 17. ágúst 2016, séu ærumeiðandi fyrir stefnanda svo og hvort stefndi Ásbjörn hafi með þeim farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis síns og ómerkja beri þau af þeim sökum.

Krafa stefnanda um ómerkingu ummæla í kröfuliðum 1.a, 2.a-c, 3.a, 4.a og 5.a er reist á 235. og 236. gr., sbr. 241. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Stefndi, Ásbjörn, krefst í fyrsta lagi sýknu af ómerkingarkröfu stefnanda með þeim rökum að hann hafi ekki beint ummælunum í fyrsta kröfulið að stefnanda og sá síðarnefndi geti því ekki höfðað mál til ómerkingar þeirra. Að öðru leyti krefst hann sýknu af ómerkingarkröfum stefnanda með vísan til tjáningarfrelsisákvæðis 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Í 235. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, segir að drótti maður að öðrum manni einhverju því, sem verða myndi virðingu hans til hnekkis, eða beri slíka aðdróttun út, varði það sektum eða fangelsi allt að einu ári. Í 1. mgr. 236. gr. sömu laga segir að sé ærumeiðandi aðdróttun höfð í frammi eða borin út gegn betri vitund, varði það fangelsi allt að tveimur árum. Í 2. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að sé aðdróttun birt eða borin út opinberlega, enda þótt sakaráberi hafi ekki haft sennilega ástæðu til að halda hana rétta, varði það sektum eða fangelsi allt að einu ári. Þá kemur fram í 1. mgr. 241. gr. laganna að óviðurkvæmileg ummæli megi dæma ómerk í meiðyrðamáli, krefjist sá sem misgert var við þess.

Í 1. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar er tekið fram að allir séu frjálssir skoðana sinna og sannfæringar. Í 2. mgr. að hver maður eigi rétt á að láta í ljós hugsanir sínar en hann verði að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi megi aldrei í lög leiða. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins má aðeins setja tjáningarfrelsi skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum. Ákvæði stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi verndar því mikilvæg réttindi manna og allar takmarkanir á því verða að hafa ótvíræða stoð í settum lögum og alþjóðlegum mannréttindasáttmálum sem Ísland

hefur gengist undir. Skýra verður XXV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs með hliðsjón af þessu.

### Aðild

Ummælin sem eru rót þessa máls og eru tilgreind í fyrstu dómkröfu stefnanda hljóða þannig: „Útgefandinn hann mokgræddi á okkur, það er bara þannig. Við höfðum ekki tíkall upp úr þessu, skítapening.“

Stefndi Ásbjörn krefst sýknu af þessari dómkröfu vegna þess að orð hans hafi ekki átt við stefnanda persónulega heldur útgáfufyrirtæki hans, Steina hf.

Í færslum á Facebook 14. mars þegar stefndi færði frekari rök fyrir upphaflegri staðhæfingu sinni sagði hann „þú nýtir þér þekkingarleysi okkar“ og „þú varst í yfirburðastöðu.“ Í skýrslu sinni fyrir dómi kallaði stefndi stefnanda einnig „útgefandann“ sinn. Dómurinn telur það jafnframt almenna málvenju að kalla stjórnanda útgáfufélags, hvort heldur er rit- eða tónverka, útgefandann. Í frásögn stefnda í framlögðum gögnum talar hann ítrekað um þá manneskju sem rak fyrirtækið sem gaf tónlist hans út hverju sinni sem útgefandann sinn. Að mati dómsins er af þessu vafalaust að stefndi lagði í viðtalinu og í færslum á Facebook persónuna Steinar Berg að jöfnu við útgáfufyrirtækið Steina hf. Stefndi getur ekki fært sökina af sér á þáttagerðarmennina með þeim rökum að þeir hafi með klippingu þáttarins sett ummæli hans í samhengi við stefnanda. Dómurinn telur ummælin í þættinum vísa nægjanlega til persónu stefnanda til þess að hann eigi rétt á að fá þau ómerkt. Af þeim sökum verður ekki fallist á þá málsástæðu stefnda, Ásbjörns, að sýkna beri hann af fyrsta lið dómkröfu á grundvelli aðildarskorts stefnanda, né heldur öðrum kröfuliðum sem byggjast á þeim fyrsta.

Með sömu rökum verður hafnað kröfu stefnda Ríkisútvarpsins um sýknu á grunni þeirrar málsástæðu að stefnandi geti ekki átt kröfu á hendur stefnda heldur einungis útgáfufélagið Steinar hf.

### Staðreyndir sem stefndi taldi fyrir hendi

Til stuðnings sýknu byggir stefndi Ásbjörn næst á því að orð hans hafi verið gildisdómar, því með þeim hafi hann einvörðungu lagt mat á staðreyndir sem hann taldi vera fyrir hendi. Þær staðreyndir hafi meðal annars verið: að fyrirtækið Steinar hf. hafi haft yfirburðastöðu þegar það gerði samninga við hann og féлага hans, að hann og félagar hans í hljómsveitunum hafi verið ungir og reynslulausir og ekki haft neina þekkingu á gerð samninga á þessu sviði, að stefnanda hafi auk þess verið fullkunnugt um stjórnlausa fíkniefnaneyslu stefnda en engu að síður gert samninga við hann þegar hann var undir áhrifum, og að stefnandi hafi samið þannig við tónlistarmennina að mikill og óeðlilegur munur hafi verið á því sem útgáfan annars vegar og



tónlistarmennirnir hins vegar báru úr bótum, enda hafi stefnandi ekki getað sýnt fram á annað.

Í málum sem þessum hvílir það á stefnda að færa sönnur á að aðstæður og atvik hafi verið þau sem hann staðhæfir í ummælum sínum.

### Um stjórnlausa fíkniefnaneyslu

Til þess að færa sönnur á að neysla stefnda á fíkniefnum hafi verið þvítík á árunum 1980-1982 að stefnandi hafi hlotið að gera sér grein fyrir því að stefndi væri þá ekki fær um að gera samninga leiddi stefndi fyrir dóminn vin sinn og eiginkonu sína fyrrverandi. Í máli hennar kom fram að þau hefðu kynnst áramót 1985 og 1986. Þá hefði neysla stefnda verið mikil. Hann hefði reykt hass og stundum tekið kókaín í nefið. Að hennar sögn hafði stefndi ekkert vit á fjármálum og fól henni að sjá um þau.

Vinurinn bar að neysla hans og stefnda hefði verið dagleg, svo mikil að þeir hefðu reykt kannabis eins og það væri tóbak. Engu að síður hafi vinurinn ætíð getað sótt skólann sem hann stundaði þá og fengið fínar einkunnir. Hann hafði jafnframt sinnt vinnu sinni og ekki misst einbeitinguna við hana þrátt fyrir neysluna.

Þessi vitni eru nákominn stefnda og verður að meta framburð þeirra í því ljósi. Fyrri eiginkonu sinni kynntist stefndi þremur til fimm árum eftir að þeir atburðir gerðust sem eru hér til umfjöllunar og þykir hún því ekki getað borið um ástand stefnda á árunum 1980-1982.

Stefnandi kvaðst hafa vitað að stefndi notaði hass, það hafi ekki verið neitt sérstakt við það enda hafi margir aðrir gert það. Hann hafi hins vegar aldrei orðið var við að stefndi væri undir áhrifum þegar þeir gerðu samningana sem eru hér til umfjöllunar. Hann bar að í viðtali við stefnda eða í ævisögu hans komi fram að síðla árs 1982 hafi stefndi byrjað að neyta kókaíns. Þegar stefnandi hitti stefnda árið 1980 hefði hins vegar mætt honum frískur ungur maður, eins og fyrr greinir. Stefnandi bar að stefndi hefði enn verið í góðu ástandi þegar samningurinn við Egó var gerður í febrúar árið 1982. Samskipti stefnda við útgáfufyrirtækið hafi hins vegar versnað árið 1983, eftir að stefnandi var fluttur til Englands til að fylgja eftir velgengni annarrar hljómsveitar, enda hafi fíkniefnaneysla stefnda þá verið orðin að vandamáli. Stefnandi neitaði því að hafa nokkurn tíma verið í gleðskap með stefnda, hvað þá að hafa sjálfur neytt fíkniefna með honum eða séð hann neyta þeirra. Stefnandi kvaðst heldur aldrei hafa orðið var við neyslu fíkniefna í hljóðveri.

Spurður um fíkniefnaneyslu sína á þessum sama tíma kvaðst stefndi þegar hafa verið í neyslu árið 1980 þegar Ísbjarnarblús kom út. Hann hefði eytt nánast öllu fénu sem hann fékk fyrir þá plötu í fíkniefni. Hins vegar tæki það sinn tíma að verða fíkill og að hann hefði verið mjög frískur þegar hann hitti stefnanda. Stefnandi kvaðst hafa æft

íþróttir og verið í lyftingum þrátt fyrir neysluna. Sjúkdómurinn hefði þróast og hann hefði verið orðinn mjög illa farinn árið 1982 þegar hann hefði verið kominn í neyslu frá morgni til kvölds og mikill munur á honum frá árinu 1980. Þrátt fyrir mikla neyslu kvaðst stefndi hafa verið líkamlega hraustur og getað farið á svið og sungið. Hann hefði að öðru leyti verið ófær um að lesa texta, „skilja hluti“ og sjá um sín mál.

Stefndi bar jafnframt að mikill samgangur hefði verið á milli hans og stefnanda og að hinn síðarnefndi hefði ítrekað séð hann neyta fíkniefna í upptökuveri og jafnvel neytt fíkniefna með honum og öðrum hljómsveitarmeðlimum þar. Þá hefðu þeir oft verið í gleðskap saman. Fíkniefnaneysla stefnda á þessum tíma hafi verið alkunna og hafi fjölmiðlar fjallað um hana. Hann hafi hafið neyslu kókaíns þegar platan „Í mynd“ með Egó var tekin upp en hún kom út jólin 1982. Hann hefði farið í meðferð árið 1985 en hefði síðar „fallið“ og hafið neyslu kannabisefna á ný. Stefndi hefði verið í neyslu með hléum þar til honum hefði tekist að hætta endanlega snemma árs 1996.

Í viðtali við Vikuna í september 1981 kvaðst stefndi, eins og áður er getið, hafa gaman af grasi en vera harðlega á móti sterkari efnum. Í viðtali við Vikuna í janúar 1982 örfáum vikum áður en samningurinn við Egó er gerður fellst stefndi á að „Utangarðsmenn hafi oft verið út úr kortinu á tónleikum.“ Hann segir jafnframt að eina platan sem hann hafi tekið upp alveg „streit“ sé Plágan, nema þeir hafi fengið sér eina feita pípu áður en þeir tóku upp eitt lag á henni. „Ég hef annars hvílt mig vel frá þessu og ef maður vill halda eitthvað út gengur það ekki að vera á kafi í þessu samfara spilamennskunni. Maður er orðinn raddlaus eftir 3-4 lög á tónleikum ef maður fær sér í pípu áður.“ Hann sagði jafnframt að Egó færi undantekningarlaust „streit“ á svið. Vissulega kæmi fyrir að hann fengi sér í glas, en þó ekki þannig að það mætti merkja það á honum, enda veitti honum ekki af kröftunum í tónlistarflutninginn. Í viðtali við stefnda í Helgarpóstinum 26. nóvember 1982 kveðst hann vera allt að því fanatískur gegn áfengi. Hann hefði reykt mikið kannabis um tíma en hefði dregið verulega úr því og reykti ekki nema stöku sinnum. Hann kvaðst í staðinn æfa lyftingar og hafi við það uppgötvað nýja hlið á nýju „dópi“ og njóta þess virkilega. Þessa frásögn í viðtali við Helgarpóstinn skýrir stefndi með því að á þessum tíma hafi fíkniefnalögreglan verið farin að anda ofan í hálsmálið á honum.

Fyrir dómi var stefndi spurður að því hvort stefnandi hefði mátt vita hvert ástand stefnda var þegar hann gerði fyrstu samningana við Steina hf. Stefndi kvaðst ekki hafa verið reikull í spori eins og drukkinn maður heldur hafa verið á fíkniefna-skömmum sem héldu honum í ákveðnu jafnvægi og hann hafi alveg getað „haldið haus“. Á kvöldin hafi hann hins vegar sleppt fram af sér beislinu.

Samkvæmt þessu er óumdeilt að stefndi Ásbjörn, neytti kannabisefna á þeim tíma sem þegar samningarnir tveir voru gerðir. Einnig liggur fyrir að stefndi hóf

neyslu kókaíns síðla árs 1982 og að þá hafi ástand hans versnað. Það var aftur á móti eftir að áðurnefndir samningar voru gerðir.

Dómurinn tekur ekki afstöðu til þess hvor sé réttari lýsing á neyslu stefnda á þessum tíma, sú sem hann gaf blaðamanni Vikunnar og blaðamanni Helgarpóstsins, sú sem hann lýsti á vefmiðlum í ágúst 2016 eða sú sem hann gaf fyrir dómi. Varðandi fíkniefnaneyslu stefnda eru of margir þættir ósannaðir og ósannanlegir. Þeir hefðu hugsanlega verið sannanlegir þá en ekki nú, 35 árum síðar, meðal annars hversu mikil neyslan var í reynd, en ekki í endurminningunni, og hversu sterkt það kannabis var sem hann reykti. Það er jafnframt þekkt að það þarf ekki að sjást á útliti og atferli fólks þótt að það neyti fíkniefna og það getur komið vel fyrir, haldi það neyslunni innan réttra marka. Eins og áður segir tókst vini stefnda að standa sig vel bæði í námi og starfi þrátt fyrir að hann hafi, að eigin sögn, neytt fíkniefna reglubundið og skilja verður framburð stefnda þannig að hann hafi ekki borið neysluna utan á sér.

Þegar litið er til þess framburðar stefnanda að hann hafi verið frískur og vel á sig kominn þegar hann hitti stefnanda fyrst 1980 og þess framburðar að hann hafi ekki borið ytri merki neyslu þegar hann samdi við Steina hf. í febrúar 1982 telur dómurinn ósannað að stefndi hafi sýnilega verið undir áhrifum kannabiss þegar stefnandi gerði samningana við hljómsveitir stefnda, hvort heldur var við Utangarðsmenn í júní 1980 eða við Egó í febrúar 1982 þannig að ásýnd hans eða framkoma hafi getað gefið stefnanda tilefni til að ætla að stefndi væri ófær um að skilja þá samninga sem hann ritaði undir við Steina hf. á þessum tíma.

Dómurinn telur því ósannaða þá fullyrðingu í greinargerð stefnda að hann hafi verið illa haldinn fíknisjúklingur „á þeim tíma þegar hann samdi við Steina hf.“ og aldrei verið allsgáður.

Dómurinn telur einnig afar ólíklegt að sá sem tekur mikla fjárhagslega áhættu með því að gefa út hljómplötu semji við tónlistarfólk sem hann veit að eru forfallnir fíkniefnaneytendur og miklar líkur eru á að hafi vegna neyslu hvorki andlegt úthald eða líkamlega burði til þess að spila í hljóðveri eða halda tónleika.

Í ævisögu stefnda sem er rituð 1990 og brot úr eru lögð fram í málinu segir hann frá því að meðlimir Egó hafi, eftir að tvær fyrstu plöturnar höfðu selst mjög vel, viljað semja við útgefandann um hærri prósentur. Dómurinn fellst því ekki á að hann hafi ekki, við samningsgerðina, skilið efni samningsins sem Egó gerði við Steina hf.

#### Yfirburðir annars og reynsluleysi hins

Það er rétt að stefndi Ásbjörn er yngri en stefnandi. Sá fyrrnefndi er fæddur í júní 1956 og sá síðarnefndi í júlí 1952. Stefnandi var því 28 ára en stefndi 24 ára þegar stefndi leitaði til stefnanda vorið 1980.

Stefnandi hafði þá átt fyrirtækið Steina hf. í fjögur, fimm ár. Ekki hefur komið fram hversu marga íslenska tónlistarmenn hann hafði samið við á þeim tíma um að gefa út tónlist þeirra. Tekjurnar mun félagið hafa haft af innflutningi erlendra hljómplátna. Plötunum var dreift í hljómdeildum verslunarinnar Karnabæjar. Á hinn bóginn hafði stefndi á þessum tíma nýlega gefið út hljómplötuna, Ísbjarnarblús, með eigin lögum á eigin vegum, þó í samstarfi við bókaútgáfuna Iðunni, sem sá um að dreifa plötunni. Engin gögn eru um það hversu mörg eintök voru gefin út eða seld en stefndi fullyrðir að hann hafi eftir þá útgáfu átt fúlgur fjár.

Á þessum tíma gáfu fleiri fyrirtæki en Steinar hf. út tónlist íslenskra tónlistarmanna, svo sem Fálkinn og Skífan. Stefndi og aðrir meðlimir hljómsveitarinnar voru því ekki nauðbeygðir til að leita til stefnanda vildu þeir fá tónlist sína gefna út. Þeir áttu hins vegar frumkvæðið að samvinnunni og viðskiptunum við hann. Í ævisögu sinni segir stefndi að Jóhann Páll í Iðunni hafi boðið þeim að vera áfram hjá honum en stefndi hafi viljað fara til Steinars Berg því hann hefði sterkara dreifingarkerfi.

Að sögn stefnda var stefnandi „kóngurinn“. Fyrirtæki hans hefði verið „stóra“ fyrirtækið og listamenn vilji eðlilega komast að hjá þeim sem séu stærstir. Ekki hafi spillt fyrir að fyrirtækið tengdist plötubúðum. Þannig séð hafi stefnandi verið einráður, sá sem réði lögum og lofum. Það segi sig sjálfst að allir vilji vera hjá slíku fyrirtæki.

Þótt meðlimir hljómsveitanna kunni að hafa talið ákjósanlegra að fá plötu gefna út hjá fyrirtæki stefnanda en öðrum útgáfufyrirtækjum getur dómurinn ekki fallist á að stefnandi hafi verið í þeirri stöðu að hann gæti knúið, hvorki stefnda né hljómveitirnar, til þess að ganga til samninga við sig hafi þeim boðist betri kjör annarsstaðar.

Komið er fram að samningur Utangarðsmanna við Steina var svonefndur hagnaðarskiptasamningur. Í þeim samningum er miðað við að það sem innheimtist við sölu plátna gangi fyrst til þess að greiða upptökukostnað, það er þá fjárhæð sem var samið um að gera ætti ráð fyrir að heildarupptökutími plötunnar í hljóðveri kostaði. Af þeim eintökum sem seldust eftir það var dregin frá dreifingarprósenta og af því sem þá stóð eftir, nettóheildsöluverði, var tónlistarmönnunum greiddur ágóðahlutur.

Meðal framlagðra gagna er samningur sem hljómsveitin GCD gerði við Steina hf. í apríl 1991. Þá var stefndi í hljómsveitinni GCD með Guðmundi Rúnari Júlíusyni. Sá samningur er hagnaðarskiptasamningur eins og samningurinn við Utangarðsmenn og má því nýta hann til samanburðar.

Við Utangarðsmenn var samið þannig að tónlistarmönnunum yrði greiddur ágóðahlutur af nettóheildsöluverði hvers eintaks umfram 2.500 skífur eða snældur. Samkvæmt samningnum við GCD átti ágóðahlutur flytjanda ekki að reiknast fyrr en sala hljómplátna, kassetta og geisladiska næði 3.500 eintökum. Það þýðir að reiknað var með að upptökukostnaðurinn samsvaraði þeim fjölda plátna.

Í samningnum við Utangarðsmenn var dreifingarprósentan sem útgefandinn fékk af heildsöluverðinu, áður en ágóðahluturinn var reiknaður, 10% en 15% í samningnum við GCD.

Samið var svo við Utangarðsmenn að þegar 2.500 skífur hefðu verið seldar skyldi flytjandi fá greidd 35% af heildsöluverði hvers eintaks en í samningnum við GCD skyldi flytjandinn fá 30%.

Samkvæmt þessum samningsákvæðum var samningurinn sem Utangarðsmenn gerðu við Steina hf. í júní 1980 hagstæðari en sá sem hljómsveitin GCD gerði við Steina hf. í apríl 1991.

Að sögn stefnanda var algengt að ágóðahlutur flytjenda væri 15-20% af nettó-heildsöluverði eftir að útgáfukostnaði hefði verið náð. Í samningnum við GCD hefði þóknunarhlutfall flytjenda verið 30%. Það hefði verið algert hámark en svona hefði verið samið vegna þess að þeir hefðu þá verið þekktustu tónlistarmenn landsins. Í samningnum við Utangarðsmenn hafi ágóðahlutur tónlistarmannanna því verið óvenjuhagstæður.

Hinn grundvallarþátturinn í samningsgerðinni er upptökukostnaðurinn. Að mati dómsins verður ekki miðað við þann eintakafjölda sem upptökukostnaður erlendis samsvaraði. Samkvæmt framlögðum gögnum þurfti árið 1995 á Íslandi að selja 3-5.000 eintök af hljómplötu til þess að ná upptökukostnaði. Það styður þann framburð stefnanda að eðlilegt hafi verið að ganga út frá 3.500-4.000 eintökum eins og hann gerði, nema í samningnum við Utangarðsmenn, en hann sagðist hafa veitt þeim sérstaka ívilnun með því að miða við 2.500 eintök.

Stefndi Ásbjörn telur samningskjörin í GCD samningnum ekki hæf til viðmiðunar. Hann telur efni þess samnings skýrast af því að hann hafi verið enn dýpra sokkinn í neyslu fíkniefna þá heldur en þegar samningurinn við Utangarðsmenn var gerður. Með honum í hljómsveitinni var þó maður sem hafði tekið þátt í gerð popptónlistar í það minnsta í þrjá áratugi og hafði jafnframt rekið hljómplötuútgáfuna Geimstein í 15 ár.

Telja verður að tónlistarmennirnir í GCD hefðu, vegna vinsælda sinna, getað samið við hvaða útgáfufyrirtæki sem var hefði það fyrirtæki boðið þeim betri kjör en stefnandi gerði.

Árið 1994, þremur árum eftir að samningurinn var gerður við GCD, gerði stefndi Ásbjörn samning við fyrirtækið Spor sem stefnandi var þá í fyrirsvari fyrir. Samið var um útgáfu á öllum hljómplötum stefnda sem hann hafði þá gefið út í upprunalegri óbreyttri mynd. Lögmaður annaðist samningsgerðina. Stefndi og stefnandi sverja hann báðir af sér og fullyrða að hann hafi unnið fyrir hinn. Að sögn stefnda

vann þessi lögmaður ekki fyrir hann fyrr en síðar á ferlinum, þegar stefndi gaf tónlist sína út hjá Jóni Ólafssyni í Skífunni.

Í samningnum við Spor er dreifingarprósenta 15% af heildarsöluverðmæti allra seldra eintaka. Ágóðahluti flytjanda var, eins og í samningnum við GCD, 30% af meðalheildsöluverði hvers eintaks nema af plötunni Von sem hann skyldi vera 35%. Stefndi kvaðst einnig hafa verið í neyslu á þessu tímabili.

Stefndi Ásbjörn hefur ekki fært neinar sönnur á að hærra ágóðahlutfall af nettóheildsöluverði hafi tíðkast hér á landi á þessum tíma en það sem var samið um við Utangarðsmenn og hann fékk af plötunni Von. Dómurinn telur að hér verði ekki miðað við hvað kann að hafa tíðkast erlendis enda hefur stefndi ekki fært sönnur á það heldur.

Þegar kjör í samningi Utangarðsmanna og samningi GCD við Steina hf. eru borin saman verður ekki séð að stefnandi hafi nýtt sér að hugsanlega voru flestir meðlimir Utangarðsmanna að gera útgáfusamning í fyrsta sinn. Stefndi hefur því hvorki sannað að stefnandi hafi nýtt sér reynsluleysi þeirra við samningsgerðina né annað meint bággt ástand.

Það er óumdeilt að ástæða þess að ekki var gerður hagnaðarskiptasamningur við hljómsveitina Egó var sú að stefndi Ásbjörn óskaði eftir fyrirframgreiðslu til þess að tónlistarmennirnir þyrftu ekki, áður en þeir fengju greitt, að bíða eftir því að nægilega margar plötur hefðu selst til þess að upptökukostnaðurinn hefði verið greiddur. Þess í stað var gerður eintakagreiðslusamningur og samið um fyrirframgreiðslu af fyrstu plötunni sem samsvaraði sölu 4.000 eintaka.

Það hvílir, eins og áður segir, á stefnda að sanna að kjör tónlistarmannanna samkvæmt þeim samningi hafi verið ósanngjörn miðað við aðstæður allar. Í því skyni hefur hann þó eingöngu fært fram þá málsástæðu að honum sé kunnugt um það að í slíkum samningum erlendis sé listamönnum, sem séu ekki alveg óþekktir, greidd 15-20% af hverju seldu eintaki. Dómurinn telur ómögulegt að miða við hvað kann að hafa tíðkast í samningum á meginlandi Evrópu eða Bandaríkjunum árið 1982. Að mati dómsins verður útgáfa á tónlist hér á landi, á þessum tíma, ekki borin saman við útgáfu tónlistar hjá þúsundfalt fjölmennari þjóðum. Verður að telja ólíklegt að útgáfufyrirtæki fjölmennari þjóða hafi lagt í þá vinnu að hljóðrita tónlist sem þau gátu í allra mesta lagi gert ráð fyrir að selja 5.000 skífur af. Þar fyrir utan hefur stefndi ekki fært sönnur á hvaða þóknunarhlutfall tíðkaðist í eintakagreiðslusamningum, hvorki erlendis né erlendis á þessum tíma.

Stefndi byggir einnig á því að hann hafi verið þekktasti tónlistarmaður landsins og allir aðrir í hljómsveitinni hafi verið vel þekktir tónlistarmenn. Í því ljósi hafi hljómsveitin Egó átt að fá hærra hlutfall af verði hvers selds eintaks en 8%. Vel kann

að vera að stefndi hafi verið mjög þekktur en blaðamenn sem rituðu um tónlist í janúar 1982 skilgreindu aðra í hljómsveitinni sem óreynda spilara og lítt þekktu menn.

Stefndi hefur ekki leitt neinar líkur að því að hann hefði náð hagstæðari samningskjörum hefði hann samið við aðra íslenska hljómplötuútgefendur í stað stefnanda.

Á meðan stefndi Ásbjörn var í samningssambandi við stefnanda um útgáfu tónlistar hljómsveitarinnar Egó gerði hann samning við annað útgáfufyrirtæki, Safarí. Hann hefur ekki nefnt að hann hafi notið betri kjara í þeim samningi en þeim sem hann gerði við Steina hf., hvorki sem sjálfstæður listamaður né meðlimur í hljómsveit.

Á árunum 1984-1989 gaf stefndi einnig út tónlist hjá útgáfufyrirtækjunum Grammi og Geisla en hefur ekki fært neitt fram um að samningar við þau fyrirtæki hafi verið honum hagstæðari en samningarnir við Steina hf. Vitað er að öll þessi fyrirtæki urðu gjaldþrota. Ef til vill má af því álykta hversu ábatasamt það var að gefa út íslenska tónlist.

Dómurinn telur því að stefndi hafi ekkert fært fram sem sanni að stefnandi hafi við samningsgerðina nýtt sér reynsluleysi né annað meint bággt ástand stefnda eða annarra tónlistarmanna í Egó.

Hversu góð sem samningskjör kunna að vera byggist hagnaður af samningi sem þessum þó ætíð á því að báðir standi sig í stykkinu, tónlistarmennirnir og útgefandinn.

Stefnandi kvaðst ekki hafa haft lögmann sér til aðstoðar en hafa stuðst við samningsform sem hefði verið gert fyrir samband hljómplötuframleiðenda. Hann bar að hljómsveitir hefðu ætíð fengið samningsformið afhent til þess að þær gætu kynnt sér það og leitað sér aðstoðar staði eitthvað í samningnum sem tónlistarmennirnir áttuðu sig ekki á.

Þegar útgefandinn og tónlistarmaðurinn hefðu náð samningum um upptökukostnað og ágóðahlut hafi verið gerð kostnaðaráætlun þar sem heildarkostnaður af útgáfunni var reiknaður út. Yfir þetta kostnaðarmat hefði verið farið með tónlistarmanninum og honum gefið svigrúm til þess að fara yfir efni þess með einhverjum öðrum en starfsmönnum útgáfunnar, áður en ritað var undir samningana.

Að sögn stefnda átti stefnandi samninginn tilbúinn í skúffu. Hann hafi lagt samninginn á borðið og stefndi hafi skrifað undir án þess að láta lögmann skoða samninginn með sér enda hafi stefnandi ekki ráðlagt honum að leita lögmanns.

Ekki verður fullyrt að samningsgerðina hafi borið að á þann hátt sem stefndi lýsir. Að mati dómsins hvíldi hins vegar ekki nein skylda á herðum stefnanda að ráðleggja stefnda og hljómsveitunum að leita sér lögfræðiaðstoðar þegar áður nefndir samningar voru undirritaðir.

Stefndi bar að eftir að hann hætti neyslu fíkniefna árið 1996 hefðu útgáfusamningar sem hann gerði almennt orðið honum mun hagstæðari og hann og útgefandi iðulega skipt hagnaði til helminga. Þessari fullyrðingu sinni til sönnunar hefur stefndi þó ekkert lagt fram. Þótt þetta væri sannað telur dómurinn að ekki verði við það miðað enda hefur margt annað breyst á sama tíma svo sem upptökutækni og dreifingarform.

### Um mokgróða

Það er, eins og áður segir, upphaf þessa máls að stefndi Ásbjörn fullyrti opinberlega að stefnandi hefði mokgrætt á hljómsveitum sem stefndi var í, en þeir lítið haft upp úr kرافsinu. Í sjónvarpsþættinum virðast ummælin einkum varða hljómsveitina Egó en í skrifum stefnda á Facebook 15. mars 2016 lét hann einnig falla ummæli um samning Utangarðsmanna og Steina hf. Stefnandi kveðst ekki hafa grætt á samstarfi sínu við hljómsveitirnar. Hann hafi frekar tapað fé á því.

Stefndi mótmælir því sem röngu og ósönnuðu að tap hafi orðið af útgáfu hljómplatna Utangarðsmanna og Egó. Stefnandi geti þess ekki við hvaða tímabil hann miði ósannaðar fullyrðingar sínar um seld eintök af plötu Utangarðsmanna, „Geisla-virkir.“ Stefnandi nefni ekki heldur ágóða af safnplötum en slíkar plötur séu jafnan auðseljanlegar. Hann nefni ekki heldur hvers virði útgáfurétturinn sem Steinar hf. hafi fengið með tveimur samningum um útgáfu þeirra, þar með talið hvert söluverð hans hafi verið eða hvers virði hann væri í dag.

Dómurinn telur að í umfjöllun um fjárhagslegan ávinning Steina hf. af samstarfi við hljómsveitirnar verði að horfa til þess tíma sem var til umfjöllunar í þættinum sem þetta mál er sprottið af þ.e.a.s. 1980 til 1984 þegar hann gaf út tónlist hljómsveitanna Utangarðsmanna og Egó og reyndi á annan hátt að koma tónlist þeirra á framfæri. Það er jafnframt það tímabil sem er til umfjöllunar í samskiptum stefnanda og stefnda á Facebook 14. mars og í viðtölum við stefnda 17. ágúst 2016.

Stefndi hefur strangt til tekið ekki reynt að sanna réttmæti þeirra ummæla sinna að útgáfusamningarnir hafi ekki verið honum og liðsmönnum hljómsveitanna hagfelldir í samanburði við það sem útgefandinn fékk og að útgefandinn hafi mokgrætt á þeim. Hann hefur látið nægja að mótmæla þeim sönnunum sem stefnandi færir fram fyrir því að samningarnir hafi verið í það minnsta verið hefðbundnir ef ekki ívilnandi og að á samstarfi útgáfunnar við hljómsveitirnar hafi útgáfan ekki grætt, síður en svo.

Á þessum tíma þóttu það tíðindi að selja 5.000 eintök af hljómplötu með íslenskri tónlist og þeir sem gerðu það fengu viðurkenningu, svonefnda gullplötu. Stefnandi hefur ekki hnekkst því að kostnaður við hljóðupptökuna hafi verið svo hár að til þess að greiða hann hafi þurft að selja 3.500 til 4.000 eintök, sem er 70%-80% af þeim



fjöldi sem menn töldu sig í hæsta lagi geta selt. Þá átti eftir að greiða kostnað við gerð umslags, auglýsinga og dreifingar, o.fl., svonefndan dreifingarkostnað. Þegar einungis er unnt að ná einhverjum hagnaði af innan við 20-30% platnanna er vart hægt að halda því fram að nokkur, sem þó náði að selja 5.000 eintök, hafi mokgrætt á því, hvorki útgefandinn né tónlistarmaðurinn.

Utangarðsmenn sömdu um að gera þrjár smáskífur og þrjár breiðskífur á næstu tveimur árum eftir undirritun samningsins. Eins og rakið hefur verið var samningurinn sem Utangarðsmenn gerðu við Steina hf. mun hagstæðari sé hann borinn saman við samning sem mun þekktari tónlistarmenn í hljómsveitinni GCD, stefndi Ásbjörn þar á meðal, gerðu við Steina hf. áratug síðar.

Í samningnum við Utangarðsmenn var gert ráð fyrir að það tækist að greiða upptökukostnaðinn með því að selja 2.500 eintök. Að sögn stefnanda reyndist upptökukostnaðurinn svo hár að selja hefði þurft talsvert fleiri eintök til þess að ná að greiða hann. Hann bar einnig að platan „Geislavirkir“ hafi aðeins selst í rúmlega 3.000 eintökum. Tónlistarmennirnir hafi því fengið lítinn ágóða þrátt fyrir háa hlutdeild þeirra í honum. Útgefandinn hafi vegna upptökukostnaðarins orðið fyrir beinu tapi af þessari dræmu sölu. Það tap hafi bæst við það tap sem hann hafi orðið fyrir vegna útgáfu smáskífa hljómsveitarinnar. Eins og áður segir mótmælir stefndi þessu en lætur við það sitja.

Við mat á því hvort ummæli stefnda Ásbjörns styðjist við staðreyndir verður ekki litið einvörðungu á ákvæði samninganna sem hljómsveitirnar gerðu við útgáfufyrirtækið. Jafnframt verður að líta til annars kostnaðar sem lagðist á útgefandann. Stefnandi reyndi að koma hljómsveitinni Utangarðsmönnum á framfæri í útlöndum, eins og hann var skyldur til samkvæmt útgáfusamningnum. Af því tilefni tók hljómsveitin lög sín upp á ensku og fyrirtæki stefnanda skipulagði tónleikaferð þeirra um Norðurlöndin og sá um flutning tónlistarmannanna og tækjabúnaðar þeirra þangað. Stefndi hefur ekki mótmælt því að allur kostnaðurinn af þeirri ferð, flug og flutningskostnaður, svo og undirbúningi undir hana svo sem kostnaður við hljóðupptökur í enskri útgáfu hafi alfarið lagst á útgefandann því hljómsveitin leystist upp í ferðinni.

Í samningnum sem hljómsveitin Egó gerði við Steina hf. í febrúar 1982 átti hljómsveitin að gera þrjár breiðskífur á þremur árum frá undirritun samningsins. Tveimur þeim fyrstu var svo vel tekið að þær seldust báðar í 5.000 eintökum. Af þeim höfðu því bæði útgefandi og flytjendur nokkurn hagnað. Þriðja platan, sem kom út 1984, seldist að sögn stefnanda í um 1.500-1.700 eintökum. Því hefur stefndi ekki mótmælt heldur viðurkennt það í skrifum sínum á Facebook 14. mars 2016 að hún hafi selst illa. Þá var meira en helmingur upptökukostnaðarins ógreiddur. Því er jafn-

framt ómótmælt að sá kostnaður hafi lagst alfarið á útgefandann. Meðlimir hljómsveitarinnar fengu engu að síður 8% af hverju seldu eintaki.

Að mati dómsins er ekki hægt, eins og stefndi vildi gera í vitnisburði sínum, að greina fyrstu tvær plöturnar frá heildarsamningnum við Egó enda hafði stefnandi með samningnum skuldbundið sig til þess að gefa út þrjár breiðskífur með hljómsveitinni og hún skuldbundið sig til þess að semja tónlist á plöturnar. Í ljósi þess hversu hár útgáfukostnaður vegna þriðju plötunnar greiddist ekki vegna dræmrar sölu hennar telur dómurinn ekki óvarlegt að álykta að af þessum heildarsamningi hafi orðið tap sem lagðist á útgefandann, stefnanda. Hann hafi í það minnsta ekki grætt á samningnum og þaðan af síður mokgrætt. Hins vegar hélt hljómsveitin öllum þeim greiðslum sem hún hafði fengið fyrir hvert selt eintak. Afrakstur hljómsveitarinnar af samningnum skertist því ekki við tapið af þriðju plötunni, einungis afrakstur útgáfufyrirtækisins. Dómurinn telur stefnda því ekki hafa sýnt fram á að stefnandi hafi mokgrætt og alls ekki á kostnað hljómsveitarinnar Egó.

Þrátt fyrir að 35 ár hafi verið liðin frá því að hljómsveitin Utangarðsmenn hætti störfum þegar stefndi lét ummæli sín falla gat honum varla verið runnið úr minni hvernig samstarfi hljómsveitarinnar og útgáfunnar lauk og að útgáfan sat þá uppi með mikinn kostnað. Honum hlaut því að vera ljóst að heildarútkoman Steina hf. af samstarfi hvort heldur við Utangarðsmenn eða við Egó var ekki gróði.

Dómurinn telur ekki unnt að skilgreina ummæli stefnda sem saklaus mistök vegna þess að hann hafi ekki vitað betur.

Stefndi telur að við mat á fjárhagslegum ágóða stefnanda verði einnig að líta til ágóða hans af safnplötum. Efni útgáfusamninganna verður ekki skilið á annan hátt en að hljómsveitirnar skyldu einnig fá þóknun í samræmi við samningana í þeim tilvikum. Hljómsveitirnar nutu því einnig góðs af útgáfu safnplatna.

Stefnda hefur ekki tekist að sanna að stefnandi hafi grætt á honum og hljómsveitunum og þá enn síður að stefnandi hafi grætt á einfeldni, fákunnáttu eða bágindum hans eða þeirra.

#### Þýðingarmikið innlegg í þjóðfélagslega umræðu og fleiri atriði

Stefndi telur ummæli sín um viðskiptin við stefnanda þýðingarmikið innlegg í þjóðfélagsumræðu og bendir á að annar viðmælandi í þáttaröðinni hafi imprað á því að hún héldi sig hafa verið hlunnfarna af útgefanda sínum 30 árum fyrr, um eða upp úr 1950. Í þessum tíu þáttum var sagt frá þróun tiltekinnar tónlistarstefnu á tilteknu árabili. Sá þáttur í menningarsögunni var því viðfangsefnið en ekki kjör tónlistarmanna á tuttugustu öld þótt þau kunni að hafa borið á góma í tvígang í öllum þáttunum tíu. Ekki verður heldur séð að samningar við tvær hljómsveitir sem voru gerðir fyrir 34-36 árum sé málefni sem varði almenning né að þeir tilteknu samningar séu mikilvægt

innlegg í umfjöllun um kjör tónlistarmanna. Auk þess geta efnislega röng ummæli vart gert mikið gagn í þjóðfélagsumræðu, jafnvel þótt hún fjallaði um kjör tónlistarmanna.

Að mati dómsins verður stefnandi ekki talinn „opinber persóna“. Hann kvaðst hafa viljað söðla um eftir að hafa glímt við erfið veikindi. Hann hætti að reka fyrirtæki og fékk sér vinnu hjá öðrum hljómplötuútgefanda. Síðar hóf hann rekstur gistihúss í sveit. Ekki verður séð að hann hafi sem eigandi gistihúss eða sem hljómplötuútgefandi fyrir þremur til fjórum áratugum látið þannig að sé kveða á opinberum vettvangi að hann verði talinn opinber persóna.

Þótt stefnandi hafi gert grein fyrir afstöðu sinni til ummæla stefnda í heimildarþættinum með því að rita á Facebook þannig að það væri öllum aðgengilegt þykir hann ekki hafa með því komið sér þannig í sviðsljós opinberrar umræðu vorið 2016 að hann verði að þola harðari ummæli um sig en aðrir borgarar. Hann þarf enn síður að þola að vera hafður fyrir rangri sök.

Stefndi byggir á því að stefnandi hafi espað hann til þeirra ummæla sem hann lét falla eftir færslu stefnanda á Facebook. Ekki er unnt að líta svo á að stefnandi hafi gefið stefnda tilefni til ummælanna. Í frásögn hans í þættinum nefndi hann ekki einu orði fjármálahlið samstarfsins við stefnda eða hljómsveitirnar. Á Facebook og í fjölmiðlum á vefnum mótmælti stefnandi ummælum stefnda í sjónvarpsþættinum sem hann taldi efnislega röng. Væri litið svo á að hann hefði með upphaflegri Facebook-færslu sinni gefið tilefni til þeirra ummæla stefnda sem á eftir komu væri mönnum ætíð ókleift að bera hönd fyrir höfuð sér opinberlega án þess að talið yrði að með því hefðu þeir gefið öðrum heimild til refsí- og bóttalausra ærumeiðinga.

#### Gildisdómur eða staðhæfing um staðreyndir

Þar eð dómurinn telur að stefndi Ásbjörn hafi ekki fært sönnur á þær staðreyndir sem hann segist hafa talið fyrir hendi verður að fara yfir ummælin og meta að hvaða marki þau teljast annars vegar ósannaðar fullyrðingar og hins vegar skoðun eða mat á staðreynd, gildisdóma.

Varðandi ummæli í kröfulið 1.a sem stefndi lét falla í 7. þætti þáttaraðarinnar Popp- og rokksaga Íslands, þykir sú fullyrðing hans *Útgefandinn hann mokgræddi á okkur, það er bara þannig* fela í sér staðhæfingu um staðreynd sem stefndi hefur ekki sannað. Í orðunum að græða á kostnað annarrar manneskju felst að einhver hafi nýtt sér einfeldni hennar eða fákunnáttu til þess að afla sér fjárhagslegs ávinnings af framlagi hennar en láta hana sjálfa njóta lítils góðs af því. Að mati dómsins felst í ummælunum ærumeiðandi aðdróttun í skilningi 235. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um misneytingu, sem getur verið refsiverð samkvæmt 253. gr. sömu laga. Stefndi,

Ásbjörn, þykir með þeim hafa farið út fyrir mörk leyfilegrar tjáningar og verður því fallist á að framangreind ummæli verði dæmd dauð og ómerk, sbr. 241. gr. almennra hegningarlaga. Hins vegar þykir seinni málsliður ummælanna *Við höfðum ekki tókall upp úr þessu, skítapening fela í sér gildisdóm og mat stefnda, Ásbjörns, á verðmæti þess sem hljómsveitin bar úr bítum.* Því verður ekki fallist á kröfu stefnanda um ómerkingu þeirra.

Ummælin í kröfulið 2.a-c, sem stefndi lét falla á samskiptamiðlinum Facebook 14. mars 2016 hljóða svo:

- a) *prósentur voru svívirðilega láar fyrirtækið nýtti sér reynsluleysi mitt okkar og yfirburða stöðu sína þannig var það*
- b) *ég er einfaldlega að segja samningar voru afraslæmir og þú nýtir þér þekkingarleysi okkar.*
- c) *nenni þessu ekki samningar voru ömurlegir þú varst í yfirburðastöðu og nýttir þér hana*

Að mati dómsins þykja orðin í kröfulið 2.a *prósentur voru svívirðilega láar fela í sér mat stefnda, gildisdóm, á því hlutfalli sem hljómsveitin og Ásbjörn fengu af verði hvefrrar plötu, en í ummælunum fyrirtækið nýtti sér reynsluleysi mitt okkar og yfirburða stöðu sína þannig var það felist ósönnuð staðhæfing og refsiverð aðdróttun í garð stefnanda þess efnis að hann hafi neytt fjárhagslegs og þekkingarlegs aflsmunar og þannig náð fram samningi sem var honum langt um hagstæðari en tónlistarmönnunum. Af þeim sökum verður fallist á ómerkingu þeirra.*

Fyrri hluti ummælanna í kröfulið 2.b *ég er einfaldlega að segja samningar voru afraslæmir og þú nýtir þér þekkingarleysi okkar* þykir jafnframt fela í sér mat, gildisdóm, stefnda á hlutdeild tónlistarmannanna í ágóðanum af útgáfunni en síðari hluti ummælanna þykir vera ósönnuð staðhæfing og refsiverð aðdróttun um misneytingu af hálfu stefnanda. Af þeim sökum verður fallist á ómerkingu orðanna *og þú nýtir þér þekkingarleysi okkar.* Hið sama gildir um ummæli í kröfulið 2.c *nenni þessu ekki samningar voru ömurlegir þú varst í yfirburðastöðu og nýttir þér hana.* Í fyrri hluta þeirra felist gildisdómur stefnda en síðari hluti þeirra *þú varst í yfirburðastöðu og nýttir þér hana* er aftur á móti ósönnuð staðhæfing og refsiverð aðdróttun í garð stefnanda. Verður því fallist á ómerkingu þeirra.

Ummælin í kröfulið 3.a sem stefndi lét falla á Facebook 15. mars 2016 hljóða svo: *Niðurstaðan er og verður sú að samningar þínir við Ego og Utangarðsmenn voru gerðir af fyrirtæki með yfirburðaþekkingu á öllum hlutum á meðan við vorum með því miður enga yfirsýn yfir neitt og algerlega blautir á bakvið eyrun. Þú nýttir þér það. Já, við skrifuðum undir. Dóminum þykja þau, virt í heild sinni, fela í sér ærumeiðandi aðdróttun í garð stefnanda því sterklega er gefið í skyn að hann hafi neytt þekkingarlegs aflsmunar og misnotað sér fákunnáttu stefnda og annarra meðlima þeirra hljóms-*

sveita sem þar eru tilgreindar. Þau verða því ómerkt í heild sinni að frátalinni setningunni „Já, við skrifuðum undir.“ Dómurinn fellst ekki á það sjónarmið stefnda að sú setning kollvarpi efnislegu innihaldi þess sem á undan var sagt enda haggar hún ekki þeirri aðdróttun stefnda að stefnandi hafi neytt aflsmunar við samningsgerðina.

Ummælin í kröfulið 4.a lét stefndi falla á vefmiðlinum visir.is 17. ágúst 2016: *Hann nýtti sér bággt ástand mitt. Ég var ekki betur á mig kominn á þessum árum en þetta. Ég var dópaður frá morgni til kvölds, meira eða minna. Að mati dómsins eru eingöngu efni til að ómerkja fyrsta málslið þeirra Hann nýtti sér bággt ástand mitt, enda er þar fullyrt að stefnandi hafi gerst sekur um refsiverða misneytingu, sem er ósannað eins og margoft hefur komið fram. Hins vegar þykja ummæli stefnda í öðrum og þriðja málslið *Ég var ekki betur á mig kominn á þessum árum en þetta. Ég var dópaður frá morgni til kvölds, meira eða minna* á hinn bóginn fela í sér gildisdóm, mat stefnda á eigin ástandi á þeim tíma sem til umfjöllunar er og verður því ekki fallist á ómerkingu þeirra.*

Að endingu verður vikið að ummælum í kröfulið 5.a sem stefndi lét falla á vefmiðlinum mbl.is 17. ágúst 2016 og hljóða svo: *Eitt er alveg á hreinu, Steinar Berg græddi á mér og græddi vel á mér. Í upphafi ferilsins var ég dópaður frá morgni til kvölds. Ég var aldrei með lögfræðinga mér við hlið. Hann nýtti sér bággt ástand mitt, hann var með lögfræðinga og fagfólk sín megin en ég var bara einn hinum megin við borðið og hann bara nýtti sér það. Ég er ekki að segja að hann sé vondur maður en hann nýtti sér þetta allt. Með sömu rökum og fyrr fellst dómurinn á að ómerkja fyrsta málslið þeirra: *Eitt er alveg á hreinu, Steinar Berg græddi á mér og græddi vel á mér.* Þá verða jafnframt ómerkt orðin *Hann nýtti sér bággt ástand mitt...* og orðin *og hann bara nýtti sér það...*, svo og orðin *....en hann nýtti sér þetta allt* en með öllum þessum ummælum þykir stefndi hafa gefið sterklega í skyn að stefnandi hafi haft hann að féþúfu og hlunfarið hann í samningum, og þannig dróttað að því að hann hafi gerst sekur um refsiverða misneytingu. Önnur ummæli í kröfulið **5.a** þykja aftur á móti fela í sér gildisdóm stefnda um hans eigið ástand og aðstæður á fyrrnefndum tíma og verður því ekki fallist á ómerkingu þeirra.*

Dómurinn telur að með þessari niðurstöðu sé tjáningarfrelsi stefnda Ásbjörns ekki skert umfram það sem er nauðsynlegt til verndar mannorði stefnanda enda hefur stefndi hvorki fært sönnur á neina þeirra fullyrðinga sem felast í þeim ummælum hans sem hafa verið ómerkt né fært fram neina réttlætningu fyrir því að hafa vegið á þennan hátt að æru stefnanda. Að mati dómsins hafði stefndi Ásbjörn ekki heldur ástæðu til að ætla að fullyrðingar hans um meintan refsiverðan verknað stefnanda væru réttar. Hann gat ekki „verið í góðri trú“ eins og það er kallað. Ummæli hans eru því ekki heldur innan marka tjáningarfrelsis hans af þeim sökum.

### Málshöfðunarfrestur

Í 1. mgr. 29. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 segir að heimild til þess að höfða einkamál til refsingar falli niður, sé mál ekki höfðað, áður en sex mánuðir eru liðnir frá því að sá, sem heimildina hefur, fékk vitneskju um hinn seka. Í 2. mgr. sama ákvæðis segir að hafi einkamál ekki leitt til dóms um refsikröfuna, megi höfða mál að nýju, uns framangreindur sex mánaða frestur er liðinn. Einnig megi jafnan höfða einkamál næstu þrjá mánuði frá því að mál ónýttist.

Stefnandi ritaði á Facebook-síðu sína 14. mars að hann hefði séð þáttinn í sarpí Ríkissjónvarpsins þar sem stefndi Ásbjörn lét upphaflegu ummælin falla. Fyrstu ummælinum, sem stefnandi vill fá ómerkt, vissi hann af 14. mars, sem og þeim næstu en þau þriðju féllu 15. mars. Segja má að þessi þrennu ummæli hafi verið látin falla og verið rituð í óslitinni samfellu og því hluti af óslitnum skoðanaskiptum stefnanda og stefnda. Ummæli í 4. og 5. kröfulið birtust á vefmiðlum 17. ágúst 2016. Þau ummæli teljast ekki vera í óslitnu framhaldi af ummælin sem féllu í mars sama ár. Samkvæmt 1. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga skal fyrningarfrestur teljast frá því að refsiverðum verknaði lauk. Málshöfðunarfrestur er ein tegund fyrningarfrests. Telja á málshöfðunarfrestinn frá næsta degi á eftir því að síðustu ummælin féllu í mars. Því hefði þurft að höfða mál eigi síðar en 15. september 2016 til þess að það væri gert áður en sex mánuðir væru liðnir frá því að stefnandi fékk vitneskju um „hinn seka“ eins og það er orðað í ákvæðinu.

Stefnan er gefin út 12. september 2016, innan sex mánaða frestsins. Hún er jafnframt birt stefnda Ríkisútvarpinu 13. september, enn innan sex mánaða frestsins. Hins vegar er hún ekki birt stefnda Ásbirni fyrr en 23. september, það er átta dögum eftir að sex mánaða fresturinn, samkvæmt 1. mgr. 29. gr. laga nr. 19/1940, rann út.

Hvorugur stefndu byggir á því að stefnandi hafi ekki gætt málshöfðunarfrests laga nr. 19/1940. Þetta er hins vegar lögbundið skilyrði og því verður dómari að gæta að því að sjálfsdáðum. Réttaráhrif þess að höfða mál að liðnum fresti eru einvörðungu þau að sýkna verður stefnda af kröfu stefnanda um refsingu auk þess sem ekki er unnt að beita viðurlögum samkvæmt 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 um að standa straum af kostnaði af birtingu dóms.

### Miskabætur

Dómurinn hefur fallist á að ómerkja tiltekin ummæli stefnda Ásbjörns fyrir þá sök að hann hafi meitt æru stefnanda með því að væna hann um refsiverða, í það minnsta siðferðilega ámælisverða, hegðun, sem engar sönnur hafa verið færðar á.

Stefnandi ber að í upphafi hafi hann ætlað að láta ummæli stefnda sem vind um eyrun þjóta þótt hann teldi þau bæði skaða arfleifð sína sem ötuls stuðningsmanns íslenskra tónlistarmanna á síðasta fjórðungi liðinnar aldar svo og orðspor sitt sem

ferðapjónustubónða. Í gistihúsi sínu að Fossatúni í Borgarfirði hafi hann safn, meðal annars um framlag sitt til íslenskrar tónlistarsögu. Hann kvaðst hafa heyrt á gestum og leiðsögumönnum sem þangað komu, svo og í opinberri umfjöllun um sjónvarpsþáttinn og orðaskipti á Facebook eftir hann, að menn hafi ekki vitað hvorum ætti að trúá, honum eða stefnda Ásbirni. Þegar hann hafi áttað sig á þessu hafi hann séð að varanlegur blettur hefði fallið á mannorð hans sem honum sé afar annt um. Hann hafi því ekki séð sér annað fært en að höfða málið til þess að fá ummælin ómerkt og mannorð sitt hreinsað.

Dómurinn fellst á að stefndi, Ásbjörn, hafi valdið stefnanda miska með ummælum sínum, bæði í þættinum, á Facebook og á vefmiðlum eftir að stefnandi hafði boðað að hann myndi höfða meiðyrðamál.

Það er mjög alvarlegt að væna annan mann um mögulega refsiverða og siðferðilega ámælisverða hegðun og gera það ítrekað opinberlega þótt staðhæfingunni sé ítrekað mótmælt. Þetta er enn alvarlegra fyrir þá sök að samstarf stefnanda og stefnda var náíð eins og þeir hafa báðir borið fyrir dómi svo og vegna þess hversu þekktur stefndi er nú í íslensku samfélagi. Dómurinn getur ekki fallist á að stefnda Ásbirni hafi orðið það á af einföldu gáleysi enda voru ummæli sama efnis endurtekin og ávirðingarnar urðu æ alvarlegri.

Þar eð dómurinn telur að stefndi Ásbjörn hafi með stórkostlegu gáleysi meitt æru stefnanda og valdið honum miska eru uppfyllt skilyrði b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 til þess að dæma hann til að greiða stefnanda miskabætur. Stefndi vísar til þess að hann lifi einungis af list sinni en stefnandi sé athafnamaður og fjárhæð miskabóta verði að taka mið af því. Með hliðsjón af því að stefndi hefur fyrir fjölskyldu að sjá og með vísan til 24. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 þykja miskabætur stefnanda úr hendi stefnda Ásbjörns hæfilega ákveðnar 250.000 krónur.

Stefnandi telur stefnda, Ríkisútvarpið, einnig bera ábyrgð á því að ummælin birtust. Því til stuðnings byggir stefnandi á b-lið 1. mgr. 50. gr. laga nr. 38/2011 um fjölmiðla. Í ljósi 23., 40. og 12. töluliðar 1. mgr. 2. gr. laganna telur dómurinn að orðin „hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni“ eigi ekki við um þáttaröðina sem fyrstu ummælin birtust í. Því hvíli ekki fébótaábyrgð á stefnda, samkvæmt því lagaákvæði, þótt hann hafi miðlað ummælunum með því að sýna þáttinn. Þvert á móti virðist ábyrgðin á ummælunum hvíla alfarið á stefnda, Ásbirni, sbr. a-lið 1. mgr. 50. gr. laganna.

Samkvæmt 36. gr. laga um fjölmiðla þarf að óska eftir því að fá að koma að andsvörum og færa rök fyrir þeirri ósk. Í bréfinu sem lögmaður stefnanda sendi stefnda, Ríkisútvarpinu, 19. júlí 2016, krefst hann þess meðal annars að ummælin verði klippt út úr þættinum en ekki er beðið um það að stefnandi fái að koma að and-

svörum. Þar eð stefnandi óskaði ekki eftir því sérstaklega var stefnda ekki skylt að gefa stefnanda kost á andsvörum áður en þátturinn var endursýndur.

Stefnandi byggir kröfu sína á hendur stefnda Ríkisútvarpinu einnig á b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Stefndi, Ríkisútvarpið, framleiddi þáttaröðina Popp- og rokksaga Íslands með öðrum framleiðanda og sýndi í dagskrá sinni. Um stefnda, sem er þjóðarmiðill, hafa verið sett sérstök lög, nr. 23/2013. Stefnandi vísar til þess að samkvæmt 4. mgr. 3. gr. þeirra ætlist löggjafinn til þess að starfshættir stefnda séu sérlega vandaðir svo og vinnubrögð við gerð dagskrárefnis. Að mati dómsins ber Ríkisútvarpinu einnig að tryggja, í samningum sem það gerir við sjálfstæða framleiðendur um efni sem það tekur þátt í að framleiða, að lögboðnir starfsháttum Ríkisútvarpsins sé fylgt við þá framleiðslu, jafnvel þótt þátttaka útvarpsins felist einvörðungu í fjárframlagi. Ríkisútvarpið getur ekki, með samningum við aðra framleiðendur, komið sér undan lög-mæltum kröfum um vönduð vinnubrögð þess. Svonefndur þriðji maður, framleiðandinn, verður jafnframt að setta sig við að um viðsemjanda hans, Ríkisútvarpið, gildi strangari lög um efnistöð við dagskrágerð en um aðra fjölmiðla. Höfundarréttarsjónarmið geta ekki haggð því.

Dómurinn fær ekki betur séð en að við gerð margnefnds þáttar hafi ekki verið gætt fyrir mæla 2. töluliðar 4. mgr. 3. gr. laga nr. 23/2013. Hefði fyrir mæla þess ákvæðis verið gætt hefði verið unnt að koma í veg fyrir birtingu hinna ærumeiðandi ummæla, eða í það minnsta hefði stefnandi átt kost á að koma sínum sjónarmiðum að í þættinum.

Dómurinn telur að það hafi verið af einföldu gáleysi sem Ríkisútvarpið stóð að gerð sjónvarpsþáttar þar sem misbrestur varð á því að fylgja hinum lögboðnum vönduðum vinnubrögðum og hann sendur út í sjónvarpi með hinum ærumeiðandi ummælum.

Hins vegar var þátturinn endursýndur óbreyttur, 24. ágúst, þótt stefnandi hefði áður mælt til þess að ummælin yrðu klippt burt og fært rök fyrir því að þar hefði stefndi Ásbjörn farið með rangt mál og ærumeiðandi í garð stefnanda. Stefnandi hafði auk þess tilkynnt að hann myndi höfða meiðyrðamál til þess að fá þau ómerkt og því augljóst að hann taldi þeim beint að sér og jafnframt að hann hafnaði sannleiksgildi þeirra.

Af samningi stefnda Ríkisútvarpsins við framleiðanda þáttanna verður ekki séð að stefnda hafi verið skylt að endursýna þættina. Ekki verður betur séð en að stefndi hafi samkvæmt samningnum frjálssar hendur um það hvort þeir yrðu endursýndir yfirhöfuð og þá hvenær. Stefnandi hefur ekki sýnt fram á hvaða knýjandi þörf var á því að endursýna 7. þáttinn með hinum umdeildu ummælum þótt stefnandi hefði ítrekað bent á að það bryti gegn rétti hans til æruverndar. Dómurinn telur að með endursýningunni



hafi starfsmenn stefnda af stórkostlegu gáleysi breitt út opinberlega ærumeiðandi ummæli um stefnanda. Stefndi ber því við að starfsmenn hans hafi ekki getað skilið margnefnd ummæli þannig að þau beindust að stefnanda. Dómurinn telur að ekki verið byggt á þessu því málshöfðun hafði verið boðuð á þeim grundvelli að ummælin beindust að stefnanda og því máttu starfsmennirnir allt eins gera ráð fyrir því að dómstólar féllust á þá málsástæðu.

Eins og komið er fram lýsti stefndi því yfir í bréfi til stefnanda 26. júlí 2016 að ekki hefði komið til tals að dreifa þáttunum á DVD-diskum. Stefnda Ríkisútvarpinu var birt stefna 13. september 2016 í meiðyrðamáli vegna ummæla í þættinum. Í stefnunni er tekið fram að málið sé jafnframt höfðað á hendur stefnda Ríkisútvarpinu til þess að koma í veg fyrir frekari opinbera dreifingu ummælanna sem birtust í þættinum. Þrátt fyrir yfirlýsingu stefnda 26. júlí og þrátt fyrir málshöfðunina ákvað stefndi að setja þættina í almenna dreifingu á DVD-diskum. Dómurinn getur ekki fallist á að það hafi verið gert af einföldu gáleysi starfsmanna stefnda.

Þar eð stefndi, Ríkisútvarpið, hefur af stórfelldu gáleysi fyrst endursýnt sjónvarpsþáttinn og síðan stuðlað enn frekar að víðtækri dreifingu meiðyrða um stefnanda þykja uppfyllt skilyrði b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 fyrir því að stefndi greiði stefnanda skaðabætur sem þykja hæfilega ákveðnar 250.000 kr.

Eins og atvikum þessa máls er háttáð þykir rétt að dráttarvextir af miskabótum reiknist frá dómsuppsögu.

### Refsikrafa

Eins og rakið hefur verið var málið höfðað á hendur stefnda Ásbirni að liðnum sex mánuðum frá því að ummælin í 1., 2. og 3. kröfulið féllu en áður en frestur til að höfða einkarefsimál var runninn út vegna ummælanna í 4. og 5. kröfulið. Einnig er komið fram að þetta hefur þá þýðingu að refsing verður ekki dæmd fyrir ummæli sem féllu sex mánuðum áður en málið var höfðað.

Jafnframt er komið fram að dómurinn telur stefnanda ekki hafa, þegar hann reyndi að bera hönd fyrir höfuð sér með skrifum á Facebook-síðu sína, gefið stefnda Ásbirni tilefni til frekari ærumeiðandi ummæla. Dómurinn telur því að ákvæði 239. gr. almennra hegningarlaga um refsileysi af þeim sökum komi ekki til skoðunar. Af sömu ástæðu koma sjónarmið um orðhefnd, og refsileysi af þeim ástæðum, ekki heldur til greina í þessu máli enda hefur dómurinn fallist á að stefnda Ásbirni beri að greiða stefnanda miskabætur.

Eins og kemur fram í lýsingu málavaxta stigmögnuðust ummæli stefnda um viðskiptahætti stefnanda við unga tónlistarmenn. Ummælin sem stefndi lét falla og birtust á tveimur vefmiðlum 17. ágúst 2016 voru sýnu alvarlegust. Í þeim er það ástand sem stefnandi á að hafa nýtt sér til fjárhagslegs ávinnings ekki lengur þekk-

ingar- og reynsluleysi nokkurra ungra manna heldur algert varnar- og skilningsleysi forfallins fíkniefnaneytanda. Dómurinn telur jafnframt sannað að stefndi hafi ekki getað haldið að efnislegt inntak þessara ummæla væri rétt, það er að stefnandi hafi notað varnarleysi annarrar manneskju sér til fjárhagslegs ávinnings. Ásetningur er hins vegar skilyrði þess að dæmd verði refsing fyrir ærumeiðingar. Þótt dómurinn telji ummælin hafi verið látin falla af stórkostlegu gáleysi stefnda telur dómurinn að stefndi hafi ekki haft beinhardan ásetning til þess að meiða æru stefnanda heldur hafi annar tilgangur legið að baki ummælunum. Stefndi Ásbjörn verður því sýknaður af refsiskröfu stefnanda.

#### Frekari sýning á 7. þætti Popp- og rokksögu Íslands óbreyttum, óheimil

Þar eð dómurinn hefur ómerkt hluta þeirra ummæla sem birtust í þáttaröðinni Popp- og rokksaga Íslands verður fallist á þá kröfu stefnanda að stefnda, Ríkisútvarpinu ohf., sé óheimilt að sýna í sjónvarpi, eða birta og dreifa opinberlega á annan hátt, 7. þátt þeirrar þáttaraðar fyrr en þau ummæli, sem hafa verið ómerkt, hafa verið afmáð úr þættinum.

#### Birting dómsins

Fram er komið að stefnandi höfðaði málið á hendur stefnda Ásbirni að liðnum sex mánuðum frá því hann lét þau falla í mars 2016. Það þýðir að honum verður ekki gert að standa straum af birtingu þeirra sem þá féllu, sbr. 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga.

Þar eð stefndi, Ríkisútvarpið, hefur verið dæmdur til þess að greiða stefnanda miskabætur þykir rétt að stefndi geri grein fyrir forsendum og dómsorði málsins í dag-skrá sinni í samræmi við síðari málslið 1. og 2. mgr. 59. gr. laga um fjölmiðla, nr. 38/2011. Forsendur dómsins eru alllangar og því þykir nægja að gerð sé grein fyrir dómsorðinu sjálfu í sjónvarpi. Hins vegar þykir heimasíða Ríkisútvarpsins, ruv.is, hentugri vettvangur fyrir birtingu forsendna með dómsorði.

Af sömu sökum þykir einnig mega leggja það á stefnda Ríkisútvarpið að það birti forsendur og niðurstöðu dómsins eigi síðar en innan tveggja vikna frá uppkvaðningu þessa dóms að viðlögðum 25.000 króna dagsektum.

Af þessari ástæðu þykja ekki efni til að fallast á þá kröfu stefnanda að stefndu verði gert að greiða honum óskipt 500.000 krónur til þess að kosta birtingu dómsins í tveimur víðlesnum dagblöðum.

Stefndu greiði stefnanda óskipt málskostnað sem þykir, með hliðsjón af umfangi málsins, hæfilega ákveðinn 2.000.000 krónur og er virðisaukaskattur talinn með í fjárhæðinni.

Ingiríður Lúðvíksdóttir héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

## D Ó M S O R Ð

Eftirfarandi ummæli stefnda, Ásbjörns Kristinssonar Morthens, í garð stefnanda, Steinars Berg Ísleifssonar, skulu vera dauð og ómerk:

Ummæli í 7. þætti sjónvarpsþáttaraðarinnar Popp- og rokksaga Íslands: *Útgefandinn hann mokgræddi á okkur. Það er bara þannig. [...].*

Ummæli á samskiptamiðlinum Facebook 14. mars 2016: [...] *fyrirtækið nýtti sér reynsluleysi mitt okkar og yfirburða stöðu sína þannig var það.*

[...] *og þú nýtir þér þekkingarleysi okkar.*

[...] *þú varst í yfirburðastöðu og nýttir þér hana.*

Ummæli á samskiptamiðlinum Facebook 15. mars 2016: *Niðurstaðan er og verður sú að samningar þínir við Ego og Utangarðsmenn voru gerðir af fyrirtæki með yfirburðapekkingu á öllum hlutum á meðan við vorum með því miður enga yfirsýn yfir neitt og algerlega blautir á bakvið eyrun. Þú nýttir þér það.*

Ummæli á fréttasíðunni mbl.is 17. ágúst 2016: *Hann nýtti sér bágð ástand mitt.*

Ummæli á fréttasíðunni visir.is 17. ágúst 2016: *Eitt er alveg á hreinu, Steinar Berg græddi á mér og græddi vel á mér. [...] Hann nýtti sér bágð ástand mitt. [...] og hann bara nýtti sér það [...] en hann nýtti sér þetta allt.*

Stefndi, Ásbjörn, er sýkn af kröfu stefnanda um refsingu.

Stefndi, Ásbjörn, greiði stefnanda 250.000 krónur í miskabætur, með dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefnda, Ríkisútvarpinu ohf., er óheimilt að sýna í sjónvarpi, eða birta og dreifa opinberlega á annan hátt, 7. þátt sjónvarpsþáttaraðarinnar Popp- og rokksaga Íslands með þeim ummælum sem hafa verið ómerkt.

Stefndi, Ríkisútvarpið ohf., greiði stefnanda 250.000 krónur í miskabætur, með dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefnda, Ríkisútvarpinu ohf., er skylt að birta dómsorð þessa dóms í dagskrá sjónvarps þess og forsendur og dómsorð á síðunni ruv.is eigi síðar en innan tveggja vikna frá uppkvaðningu þessa dóms en greiði stefnanda ella 25.000 kr. á dag í sektir.

Stefndu greiði stefnanda óskipt 2.000.000 krónur í málskostnað.

Ingiríður Lúðvíksdóttir